



Viðhorf stúdenta til breytinga á námi og kennslu í HÍ vegna COVID-19 á vormisseri 2021

Spurningakönnun meðal stúdenta við
Háskóla Íslands vorið 2021

Skýrsla rannsóknarhóps

Október 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Höfundar: Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóna Jóhannsdóttir

© Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóna Jóhannsdóttir

Október 2021

Viðhorf stúdenta til breytinga á námi og kennslu í HÍ vegna COVID-19 vormisseri 2021.

Spurningakönnun meðal stúdenta við Háskóla Íslands í maí 2021.

Menntavísindastofnun, Menntavísindasvið, Háskóli Íslands

ISBN: 978-9935-9534-9-0

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Töflur	4
Myndaskrá.....	4
Inngangur	6
Helstu niðurstöður	7
Þátttakendur og bakgrunnur þeirra	11
Námsstig og námsform.....	13
Vinna með námi, námslán og áhyggjur af fjárhag.....	15
Áhrif COVID-19 á námsframvindu	17
Aðstæður stúdenta til að sinna námi og þættir sem hafa neikvæð áhrif á námið.....	22
Framkvæmd kennslunnar.....	28
Mat á besta námskeiðinu sem þátttakendur tóku	36
Mat á versta námskeiðinu sem þátttakendur tóku.....	44
Almennt um námið.....	51
Fjarkennsla	57
Sumarstörf og sumarnám.....	62

Töflur

Tafla 1. Aldur og kyn nemenda.....	11
Tafla 2. Hjúskaparstaða, búseta og fjöldi barna í umsjá þátttakenda.....	12
Tafla 3. Menntun foreldra stúdenta og móðurmál.....	13
Tafla 4. Námsstig, námsform og einingar.....	14

Myndaskrá

Mynd 1. Fjöldi þátttakenda eftir fræðasviðum.....	11
Mynd 2. Hlutfall stúdenta sem unnu með námi eða tóku námslán.....	15
Mynd 3. Tímar á viku í launuðu starfi á vorkmisseri.....	16
Mynd 4. Áhyggjur af fjárhagslegri getu til að stunda nám.....	16
Mynd 5. Hafa fjárhagsáhyggjur aukist eða minnkað vegna COVID-19?.....	17
Mynd 6. Hversu líklegt er að stúdent hætti námi vegna COVID-19?.....	17
Mynd 7. Hversu líklegt er að stúdentum seinki í námi vegna COVID-19?.....	18
Mynd 8. Voru þátttakendur að vinna að lokaverkefni í vetur?.....	18
Mynd 9. Hlutfall þátttakenda sem voru að vinna að lokaverkefnum og lentu í einhverjum vandræðum sem rekja mátti til COVID-19 faraldursins.....	19
Mynd 10. Hlutfall þátttakenda sem áttu að vera í starfsþjálfun.....	20
Mynd 11. Áhrif COVID-19 á starfsþjálfun á vinnustað eða vettvangsnám á haustmisseri.....	20
Mynd 12. Áhrif COVID-19 á starfsþjálfun á vinnustað eða vettvangsnám á vorkmisseri.....	21
Mynd 13. Hversu góða eða slæma vinnuaðstöðu þátttakendur höfðu til að sinna náminu meðan skólinn var lokaður vegna COVID-19.....	22
Mynd 14. Hversu góða eða slæma vinnuaðstöðu þátttakendur hafa venjulega til að sinna náminu.....	22
Mynd 15. Hversu gott eða slæmt næði þátttakendur höfðu til að læra á meðan skólinn var lokaður.....	23
Mynd 16. Hversu gott eða slæmt næði þátttakendur hafa venjulega til að læra.....	24
Mynd 17. Hafa þátttakendur haft meiri eða minni tíma til að sinna náminu í vetur en fyrri skólaár?.....	24
Mynd 18. Upplifun af streitu/álagi vegna COVID-19 miðað við venjulega.....	25
Mynd 19. Neikvæð áhrif skyldna vegna fjölskyldu á frammistöðu í námi.....	25
Mynd 20. Neikvæð áhrif launaðrar vinnu á frammistöðu í námi.....	26
Mynd 21. Neikvæð áhrif kvíða á frammistöðu í námi.....	26
Mynd 22. Neikvæð áhrif veikinda eða slysa á frammistöðu í námi.....	27
Mynd 23. Neikvæð áhrif námsörðugleika á frammistöðu í námi.....	27
Mynd 24. Neikvæð áhrif COVID-19 á frammistöðu í námi.....	28
Mynd 25. Fastar kennslustundir í stundatöflu í námskeiðum.....	28
Mynd 26. Mikilvægi þess að hafa fasta tíma í stundatöflu í námskeiðum í fjarnámi.....	29
Mynd 27. Hlutfall námskeiða þar sem upptökur voru gerðar fyrir fram.....	29
Mynd 28. Hversu óánægðir eða ánægðir stúdentar voru með upptökur kennara sem gerðar voru fyrir fram.....	30
Mynd 29. Hlutfall námskeiða þar sem notuð var kennsla með streymi í rauntíma.....	30
Mynd 30. Hversu óánægðir eða ánægðir stúdentar voru með kennslu í streymi í rauntíma.....	31
Mynd 31. Hlutfall námskeiða þar sem notaðar voru upptökur af kennslu í rauntíma á neti eða í skólabyggingu.....	31
Mynd 32. Hversu óánægðir eða ánægðir stúdentar voru með upptökur kennara af kennslu í rauntíma.....	32
Mynd 33. Notkun fjarfunda á netinu þar sem kennari var til aðstoðar, umræður eða hópvinna.....	32

Mynd 34. Hversu óánægðir eða ánægðir stúdentar voru með fjarfundi á netinu þar sem kennari var til aðstoðar, umræður eða hópvinna.	33
Mynd 35. Hlutfall námskeiða þar sem voru kennslustundir í skólabyggingu eða útikennsla.	33
Mynd 36. Hversu óánægðir eða ánægðir stúdentar voru með að hafa kennslustundir í skólabyggingu eða útikennsla.	34
Mynd 37. Hversu mikilvægt var að fá að mæta í skólabyggingu eða útikennsla.	35
Mynd 38. Hversu mikið þátttakendur sakna þess að mæta í tíma í skólabyggingu eða útikennsla.	35
Mynd 39. Einkunn gefin ýmsum þáttum í því námskeiði sem nemendur voru ánægðastir með.	36
Mynd 40. Kennslutilhögun í námskeiðum sem þátttakendur voru ánægðastir með.	36
Mynd 41. Fastar kennslustundir í stundatöflu í námskeiðinu sem þótti best.	37
Mynd 42. Einkunn gefin ýmsum þáttum í því námskeiði sem nemendur voru óánægðastir með.	44
Mynd 43. Kennslufyrirkomulag í námskeiðum sem þátttakendur voru óánægðastir með.	45
Mynd 44. Fastar kennslustundir í stundatöflu í námskeiðinu sem þótti verst.	45
Mynd 45. Hversu sáttir þátttakendur eru almennt við þær stafrænu lausnir sem voru notaðar.	51
Mynd 46. Námskeið færð úr fjarnámi í staðnám þegar það mátti.	52
Mynd 47. Ánægja með að námskeið hafi verið flutt í staðnám.	52
Mynd 48. Ánægja með að námskeið var ekki fært í staðnám.	53
Mynd 49. Allur tími sem notaður er í námið heima og í skólanum á viku.	53
Mynd 50. Ánægja með námið í heild sinni.	54
Mynd 51. Ánægja með kennslu.	54
Mynd 52. Ánægja með samskipti við samnemendur.	55
Mynd 53. Ánægja með samskipti við kennara.	55
Mynd 54. Ánægja með upplýsingar um námið.	56
Mynd 55. Ánægja með námsmat.	56
Mynd 56. Hversu vel eða illa skólinn hafi almennt brugðist við breyttum aðstæðum vegna COVID-19.	57
Mynd 57. Kostir fjarkennsla (merkja mátti við fleiri en eitt atriði).	57
Mynd 58. Gallar fjarkennsla (merkja mátti við fleiri en eitt atriði).	58
Mynd 59. Hversu líklegur nemandi er til að velja fjarnám eftir reynslu af slíku námi.	60
Mynd 60. Telur þú að kennsla fjarnema hafi verið betri eða verri í vetur en áður?	60
Mynd 61. Svör þátttakenda um sumarvinnu.	62
Mynd 62. Áhyggjur af því að mæta útgjöldum um sumarið.	63
Mynd 63. Áform um að taka sumarnámskeið.	63

Inngangur

Amalía Björnsdóttir og Þuríður Jóna Jóhannsdóttir, prófessorar á Menntavísindasviði (MVS), hafa síðustu misseri skoðað reynslu og viðhorf stúdenta á MVS, einkum þeirra sem eru í kennaranámi. Vorið 2020 lögðu þær könnun fyrir stúdenta á öllum sviðum í Háskóla Íslands (HÍ) um reynslu þeirra af samkomubanni og breytingum á starfsháttum vegna þess. Sú könnun var unnin í samstarfi við Kennslusvið og Menntavísindastofnun sá um framkvæmd, en könnunin var unnin af rannsakendum, það er Amalíu og Þuríði, og góð ráð og ábendingar komu frá kennsluþróunarstjórum fræðasviða HÍ. Niðurstöður þeirrar könnunar hafa verið birtar í skýrslu sem finna má á vef [Menntavísindastofnunar](#).

Vorið 2021 var að nýju lögð könnun fyrir stúdenta í HÍ, nú í samstarfi við Stúdentaráð HÍ. Könnunin var send út um miðjan apríl og var gögnum safnað fram í maí. Alls tók 1.251 stúdent þátt í þessari könnun en í febrúar voru stúdentar skráðir til náms í HÍ 15.725. Þátttaka er því um 8%.

Undirritaðar þakka Stúdentaráði fyrir samstarfið. Einnig fær Íris Camilla Andrésdóttir þakkir fyrir vinnu við gerð skýrslunnar. Þátttakendur fá einnig bestu þakkir.

Helstu niðurstöður

Í kynningu á niðurstöðum eru notaðar skammstafanir fyrir fræðasvið HÍ, FÉL fyrir Félagsvísindasvið, HUG fyrir Hugvísindasvið, HVS fyrir Heilbrigðisvísindasvið, MVS fyrir Menntavísindasvið og VON fyrir Verkfræði- og náttúruvísindasvið. Þar sem einungis 2% þátttakenda voru í þverfræðilegu framhaldsnámi, ÞFF, var svörum þeirra í flestum tilvikum sleppt í greiningu þar sem borin eru saman svör eftir fræðasviðum.

Stúdentahópurinn

Alls svaraði 1251 stúdent könnuninni, flestir af FÉL, um 29%, fæstir úr þverfræðilegu framhaldsnámi (ÞFF) 2%. Konur voru um 75% svarenda. Tæplega helmingur var 25 ára og yngri, hlutfallslega flestir, 67%, á VON en fæstir, 26%, á MVS. Um helmingur allra stúdenta var í sambúð eða hjónabandi, hlutfallslega flestir, 64%, á MVS en fæstir, 33%, á VON. Þá voru 74% þátttakenda barnlaus, hlutfallslega flestir, 90%, á VON en 15% þátttakenda áttu tvö eða fleiri börn og átti það við um 34% stúdenta á MVS. Yfirgnæfandi meirihluti svarenda, 88%, hafði íslensku að móðurmáli, hlutfallslega flestir á MVS, 95%, en fæstir á HUG, 64%.

Um helmingur stúdenta átti móður með háskólapróf. Hæst var hlutfallið 60% á VON en lægst á MVS, 39%. Um fimmtungur átti móður með enga frekari menntun en grunnskólapróf. Hæst var það hlutfall 28% á MVS en lægst 11% á VON. Meirihluti stúdenta á VON, eða 55%, átti föður með háskólapróf en það hlutfall var 34% bæði á FÉL og MVS. Stúdentar sem áttu feður með iðnmenntun eða starfsnám voru 31% af heildinni, hlutfallslega flestir, 44%, á MVS, fæstir, 20%, á VON.

68% þátttakenda voru í bakkalárnámi, 25% í meistaranámi og 2% í doktorsnámi. Flestir, 76%, voru skráðir í staðnám. Hlutfall fjarnema var hæst, 43%, á MVS en næsthæst, 11%, á HUG. Alls tóku 26% námslán, hlutfallslega flestir, 32%, á FÉL en fæstir, 20%, á MVS. 63% stúdenta voru í vinnu með námi annaðhvort á vor- eða haustmisseri, hæsta hlutfallið á MVS, 80%, en lægsta, 50%, á VON. Á vormisseri vann um fimmtungur 10 klst. eða minna á viku. Af þeim sem unnu þetta lítið voru hlutfallslega flestir, 76%, á VON, en á hinn bóginn unnu 36% stúdenta á MVS meira en 31 klst. á viku.

45% þátttakenda sögðu fjárhagsáhyggjur hafa aukist frekar eða mjög mikið í faraldrinum, hlutfallslega flestir, 55%, á HUG en fæstir, 41%, á MVS. Um 54% stúdenta töldu mjög ólíklegt að þeir hættu í námi vegna COVID-19 og tiltölulega fáir, eða 15% stúdenta, telja mjög líklegt að þeim seinki í námi vegna faraldursins; hlutfallslega flestir, 21%, á VON, fæstir, 9%, á MVS.

Um 48% þeirra sem voru að vinna í lokaverkefni lentu í einhverjum vandræðum sem má rekja til COVID-19-faraldursins. Hæst var hlutfallið á VON, 71%, en lægst á MVS, 42%. Um 76% fundu fyrir mjög miklum eða frekar miklum áhrifum COVID-19 á starfsþjálfun á vinnustað á haustmisseri 2020, 80% á HVS en 76% á MVS, en á þeim sviðum var starfsþjálfun algengust. Á vormisseri virðist starfsþjálfun hafa gengið betur. Þá fundu 36% stúdenta á MVS fyrir miklum eða frekar miklum áhrifum COVID-19 en 56% á HVS.

83% þátttakenda sögðust vanalega hafa góða vinnuaðstöðu til þess að sinna námi sínu en hlutfallið var 56% þegar skólinn var lokaður vegna COVID-19. Um 58% höfðu haft gott næði til að læra meðan skólinn var lokaður, talsvert færri en þau 86% sem sögðust vanalega hafa gott næði. Ríflega fjórðungur sagði næði hafa verið slæmt meðan skólinn var lokaður, hlutfallslega flestir, 31%, á HVS, en fæstir, 20%, á MVS. Um 32% höfðu haft meiri tíma til þess að sinna námi sínu og 40% höfðu haft svipaðan tíma á tímum faraldursins, en um 28% höfðu haft minni tíma. Hlutfallslega flestir sem höfðu haft meiri tíma voru á HUG, 41%, en lægst var hlutfall þeirra sem höfðu haft meiri tíma á HVS, 24%.

Um 75% þátttakenda sögðust hafa upplifað meiri streitu og álag en venjulega vegna COVID-19. Hlutfallið var hæst, 82%, á HVS og 78% á VON, en lægst, 70%, á MVS. Um tveir þriðju sögðu kvíða

hafa haft neikvæð áhrif á nám sitt og um fjórðungur að hann hefði haft mjög mikil áhrif. Hlutfallið var hæst á VON og HVS, 72%, en lægst á MVS, 62%. Um 56% þátttakenda sögðu COVID-19 hafa haft neikvæð áhrif á nám sitt og um fimmtungur sagði faraldurinn hafa haft mjög mikil neikvæð áhrif.

Um 17% þátttakenda sögðu að skyldur vegna fjölskyldu hefðu haft mjög mikil eða mikil neikvæð áhrif á nám þeirra, 23% á MVS, þar sem hlutfallið var hæst, en 9% á VON, þar sem það var lægst. Um 31% þátttakenda fann fyrir neikvæðum áhrifum launaðrar vinnu á nám sitt, tæplega helmingur nema á MVS en aðeins 20% á VON.

Kennslan

Í 74% námskeiða höfðu verið vikulegar kennslustundir á netinu þegar ekki var unnt að mæta í skóla vegna sóttvarnatakmarkana. Hæst var hlutfallið á FÉL þar sem vikulegir fastir tímar voru í 83% námskeiða en lægst á MVS þar sem vikuleg kennsla var í 63% námskeiða. Tekið skal fram að regluleg kennsla fyrir fjarnema á MVS er skipulögð í staðlotum tvisvar á misseri og kennslustundir því ekki vikulega. Í 11% námskeiða sem þátttakendur voru í voru engir fastir tímar í stundatöflu. Yfir helmingi stúdenta fannst mjög mikilvægt að hafa fasta tíma í stundatöflu í námskeiðum sem flutt voru í fjarnám vegna faraldursins.

Stúdentar sögðu að í um helmingi þeirra námskeiða sem þeir voru í hefðu upptökur verið gerðar fyrir fram og var það algengast á MVS, í 74% námskeiða, en sjaldgæfast á VON, í um þriðjungi námskeiða. Í heild voru 77% mjög eða frekar ánægð með fyrir fram gerðar upptökur, 85% á MVS og 68% á VON. Í 75% námskeiða var notað streymi af kennslu í rauntíma, mest á FÉL, í 83% námskeiða, en minnst á HVS, í 66% námskeiða. Í heild voru 70% stúdenta mjög eða frekar ánægð með kennslu í streymi í rauntíma, flestir á MVS, 78%, en minnst ánægja var á HVS, 64%. Fjarfundir á netinu voru notaðir í rúmlega helmingi námskeiða, mest á MVS, í 68% námskeiða, en minnst á HUG, HVS og VON þar sem netfundir voru í helmingi námskeiða. Í heild voru 73% svarenda ánægð með fjarfundi, mest var ánægjan 81%, á MVS, en minnst 62%, á HVS.

Einhver staðkennsla í skólabyggingu eða útikennsla var í rúmlega fimmtungi námskeiða sem þátttakendur voru í og var hlutfallið hæst á HUG þar sem í þriðjungi námskeiða var einhver kennsla á staðnum, en lægst á FÉL þar sem það átti við um 12% námskeiða. Um 70% töldu það hafa verið mjög eða frekar mikilvægt að geta mætt í skólann, hæsta hlutfallið var 77% á VON. Um 62% þeirra sem ekkert mættu í skólann söknuðu þess mjög eða frekar mikið, hlutfallslega flestir, 77%, á HVS en fæstir, 48%, á MVS.

Stúdentar voru beðnir að tilgreina það námskeið sem þeir voru ánægðastir með á vormisseri 2021. Í 80% þeirra námskeiða voru fastir tímar í stundatöflu. Í opinni spurningu lýstu þátttakendur því nánar hvað gerði námskeiðið gott að þeirra mati. Langflestir, á öllum sviðum, nefndu að góðir kennarar og góð kennsla hefði skipt miklu máli. Mikilvægt var þegar kennarar voru áhugasamir og náðu að smita áhuga til nema, útskýrðu vel námsefnið en voru jafnframt skilningsríkir á stöðu nemenda við þessar aðstæður og sveigjanlegir. Góð kennsla felst líka í góðu skipulagi og það nefna flestir á öllum sviðum, og þá er mikilvægt að upplýsingar séu skýrar og ljóst sé tímanlega hvernig skipulagið á að vera og betra ef það er eins frá viku til viku. Stúdentar voru ánægðir með skipulag sem byggðist á því að kennarar settu upptökur á netið fyrir fram og notuðu netfundi til að ræða um efnið og útskýra eftir þörfum. Einnig var lýst ánægju með kennslustundir í streymi sem teknar voru upp og hægt var að hlusta á aftur seinna. Mikilvægt þótti að upptökur af öllu tagi væru aðgengilegar allan tímann sem námskeiðið stæði yfir. Gott fyrirkomulag námsmats var nefnt og var mest ánægja með símat þar sem þá væri álagið jafnt yfir misserið. Fjarnemar á MVS lýstu yfir ánægju með að hafa fengið tækifæri til að mæta í rauntíma á Zoom en þeir voru líka ánægðir með að hafa allt efni og upptökur af fyrirlestrum aðgengilegt á netinu í upphafi námskeiðs og geta unnið á sínum hraða. Einnig var nefnt

að það væri gott að hafa val um að geta mætt í tíma á staðnum eða verið heima í tímanum í rauntíma.

Þátttakendur tilgreindu það námskeið sem þeir voru síst ánægðir með og þar voru skipulag og kennsla þeir þættir sem ollu mestri óánægju. Þessir þættir fá lægsta einkunn, 5,3 af 10, hjá stúdentum á VON, en námskeið á VON og HVS fengu oftast lægstu meðaleinkunn. Í opinni spurningu útskýrðu stúdentar hvað olli óánægju þeirra. Flestir á öllum sviðum kvörtuðu yfir lélegri kennslu og að stundum hefði kennsla verið afar takmörkuð. Kvartað var yfir sambandsleysi við kennara, að þeir hefðu verið lítt skilningsríkir „tölvupóstum illa svarað og ekkert reynt að koma á móts við nemendur“. Kvartað var yfir löngum einstefnufyrirlesturum, að kennarar útskýrðu ekki námsefnið og leituðu ekki eftir spurningum nemenda. Næst á eftir kvörtunum um kennara og kennslu voru flestar athugasemdir um slæmt skipulag; kvartað var yfir illa útfærðri kennsluáætlun, ruglingslegri uppsetningu á Canvas og „alltaf verið að fara á milli fjar- og staðnáms. Betra að halda sig bara við eitt.“ Margir gerðu athugasemdir við það að kennarar hefðu ekki viljað gera upptökur, hvorki upptökur fyrir tíma né að taka upp kennslustundir sem haldnar voru í streymi. Nokkuð var um að kvartað væri yfir námsmati þar sem lokapróf gildi mest. Stúdentar á HVS voru með flestar athugasemdir um þetta atriði og kvörtuðu líka yfir því að haldin hefðu verið staðpróf á tímum COVID-19. Nokkrar athugasemdir voru gerðar við ónóga tæknifærni kennara sem hefði verið trúlandi.

Almennt mat á viðbrögðum HÍ við COVID-19

Almennt voru um 78% þátttakenda mjög sátt eða frekar sátt við þær stafrænu lausnir sem notaðar voru í kennslu. Mest var ánægjan á MVS þar sem 36% voru mjög ánægð en minnst ánægja var á VON og HVS þar sem um 15% voru mjög ánægð.

Um þriðjungur þátttakenda notaði í heildina minna en 20 klst. á viku í námið, hlutfallslega flestir þeirra voru á MVS, 40%, og á HUG, 39%. Stúdentar á VON notuðu mestan tíma í námið. Þriðjungur þeirra notaði meira en 40 klst. og 27% notuðu 31–40 klst. á viku til náms.

Í heild voru 22% þátttakenda mjög ánægð með námið almennt. Hlutfallið var hæst á MVS, 33%, en lægst á HVS, 10%. 12% stúdenta voru frekar óánægð, óánægð eða mjög óánægð með námið almennt, hæst var hlutfallið 19% á VON en lægst 5% á MVS. 57% voru ánægð eða mjög ánægð með kennsluna. Mest ánægja var á HUG, 70%, en minnst á HVS, 41%. Á VON og HVS voru um 20% óánægð. Rúmur helmingur stúdenta var ánægður með samskipti bæði við samnemendur og kennara. Ánægja með samskipti við samnemendur og kennara var mest á MVS, 66% ánægð eða mjög ánægð, en minnst á VON, 44% þegar spurt var um kennara og 43% þegar spurt var um samnemendur. Rúmlega helmingur var ánægður með upplýsingar um námið, lægsta hlutfallið á HVS, 40%, en hæsta á MVS, 62%. Tæpur helmingur var ánægður með námsmatið, fæstir á HVS, 33%, voru ánægðir með það en mesta ánægjan var á MVS þar sem 61% nema voru mjög ánægðir eða ánægðir. Meirihluti stúdenta, eða um 70%, sagði skólann hafa brugðist mjög vel eða frekar vel við COVID-19. Lægsta hlutfallið sem tók undir það var á HVS þar sem það var 51% en mest ánægja var á HUG þar sem 82% töldu að vel hefði verið brugðist við.

Fjarkennslan

Stúdentar nefndu upptökur oftast sem helsta kost fjarkennslu, eða 61%, en næstflestir, eða tæpur helmingur, nefndu þann kost að stunda námið heima og 45% nefndu heimapróf. Stúdentar MVS voru líklegri til að telja það kost að hægt væri að stunda námið heima og að það hentaði vel með vinnu, en 55% merktu við þann kost á MVS. Í opinni spurningu um kosti fjarnáms snerust flest svör um að það hefði verið sparnaður í keyrslu, tíma og peningum að þurfa ekki að mæta í skólann og margir nefndu

að aukinn sveigjanleiki hefði verið kostur. Þá hefði verið kostur að hafa aðgengi að upptökum og hafa frelsi til að skipuleggja tímann sjálf.


Þegar spurt var um galla fjarkennslu var einmanaleiki það sem flestir nefndu, en 59% þátttakenda merktu við þann þátt og 58% við minni samvinnu stúdenta. Í opinni spurningu um galla fjarkennslu var nefnt að það að þurfa að vera heima og skapa sér aðstöðu til að halda sínu striki í náminu við þessar aðstæður hefði verið erfitt. Samvinna í hópverkefnum var erfiðari og galli á fjarnáminu var skortur á tengslum við bæði skólafélaga og kennara en líka var nefnt ósamræmi í framkvæmd fjarkennslu og að námið hefði verið einhæft og aðstaðan heima ekki góð.

Um fjórðungur stúdenta sagðist miklu líklegri til þess að velja fjarnám eftir reynsluna af því á tímum COVID-19, hlutfallslega flestir á MVS, eða 52%, en fæstir, 28%, á HVS. Hlutfallslega flestir sem sögðust mjög ólíklegir til að velja fjarnám voru á VON, 28%. Þeir stúdentar sem höfðu reynslu af fjarnámi voru spurðir hvort þeir teldu að kennslan hefði verið betri eða verri en áður á tímum COVID-19. 57% töldu að kennslan hefði almennt verið betri, 30% sögðu hana miklu betri og 27% aðeins betri. Á FÉL töldu 72% kennsluna hafa verið almennt betri og á MVS, þar sem stúdentar með reynslu af fjarkennslu eru flestir, töldu 54% að kennslan hefði verið betri en 11% að hún hefði verið verri.

Spurt var í opinni spurningu á hvern hátt kennsla fjarnema hefði breyst skólaárið 2020–2021. Fjarnemar á FÉL nefndu að allir fyrirlestrar hefðu verið teknir upp og að „allt varðandi tæknilegt umhverfi í HÍ batnaði stórlega með Covid“. Nefnd var betri tenging við samnemendur þegar fjarnemar gátu mætt í tíma á netinu og tekið þátt í umræðum, kennurum hefði farið fram í fjarkennslu og tæknin væri farin að virka, jákvætt væri að opnast hefði tækifæri fyrir fjarnema til að taka þátt í námskeiðum óháð búsetu og stöðu á vinnumarkaði og skilningur hefði aukist á því að aðstæður fólks væru mismunandi.

Fjarnemar á MVS nefndu margir að það hefði verið betra fyrirkomulag að hafa netfundi í stað þess að mæta í skólann í staðlotur; það væri minna álag þar sem þá þyrfti styttra frí úr vinnu þegar tími í ferðalög sparaðist. Fjarnemum fannst fjarfundir hafa verið mikil framför; bæði hefðu kennarar verið betri í að nýta sér tæknina og tæknin sjálf líka verið betri. Nefnt var betra skipulag, betra utanumhald, að fleiri fyrirlestrar hefðu verið teknir upp, fyrirlestrar hefðu verið betri svo og umræður og jákvæðara viðmót kennara. Fjarnemar nefndu það bæði sem kost og ókost að þeir hefðu stundum haft tækifæri til að taka þátt í vikulegum kennslutímum á netinu og að umræðutímar í rauntíma hefðu verið í boði fyrir fjarnema. Með þessu hefðu fjarnemar fengið meiri beina kennslu og þeim hefði fundist þeir vera í betri tengslum við kennara og samnemendur. En það kom einnig fram óánægja þar sem margir fjarnemar höfðu ekki tök á að mæta á vikulega fjarfundi vegna vinnu. Fjarnemar lýstu því hvernig fyrirkomulag fjarnáms hefði „breyst frá því að vera fjarnám, sem hægt er að aðlaga daglegu lífi yfir í fjarnám sem bundið er ákveðnum tímum“. Þessar breytingar komu sér illa fyrir þá fjarnema sem voru bundnir í vinnu þó að mörgu leyti hefði þetta fyrirkomulag verið til bóta.

Þátttakendur og bakgrunnur þeirra



Mynd 1. Fjöldi þátttakenda eftir fræðasviðum.

Alls svaraði 1.251 stúdent könnuninni og voru flestir þátttakendur á Félagsvísindasviði (FÉL), eða um 29%, en fæstir þátttakendur voru í þverfræðilegu framhaldsnámi (ÞFF), 2%. Nánari upplýsingar um þátttakendur er að finna í töflum 1 til 3.

Meirihluti þátttakenda var konur, eða um 75%, og voru þær í meirihluta á öllum fræðasviðum. Hæst var hlutfall kvenna á Menntavísindasviði (MVS), 85%, en lægst á Verkfræði- og náttúruvísindasviði (VON), 55%. Um 47% þátttakenda voru 25 ára eða yngri og var hlutfall þetta ungra stúdenta 67% á VON og 64% á Heilbrigðisvísindasviði (HVS) en aðeins 26% á MVS: Þátttakendur á aldrinum 41 árs eða eldri voru um 14% af hópnum öllum en á MVS var hlutfall 41 árs og eldri 24% (sjá nánar töflu 1).

Tafla 1. Aldur og kyn nemenda.

	FÉL		HVS		HUG		MVS		VON		Allir	
	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N
Kyn												
Karl	22	81	18	41	24	40	15	35	43	97	24	303
Kona	77	285	82	189	74	126	85	198	55	122	75	936
Annað	1	3	>1	1	2	4	0	0	2	4	1	12
Aldur												
20 ára og yngri	8	31	10	23	6	10	3	6	18	40	9	110
21-25 ára	33	124	54	124	32	54	23	53	49	109	38	473
26-30 ára	26	98	19	44	25	42	16	38	19	42	22	272
31-35 ára	7	26	6	15	9	16	16	38	9	20	9	118
36-40 ára	6	21	4	9	11	19	17	39	4	8	8	99
41 árs eða eldri	19	70	6	15	16	28	24	57	2	5	14	177

Að meðaltali var um helmingur stúdenta á öllum sviðum í sambúð eða í hjónabandi, hlutfallið var hæst á MVS þar sem 64% stúdenta voru í sambúð eða hjónabandi en lægst á VON þar sem 33% voru í sambúð eða hjónabandi. Um 32% stúdenta bjuggu í foreldrahúsum en misjafnt var eftir fræðasviðum hversu hátt hlutfallið var. Það var hæst, 51%, á VON en lægst á MVS, 15%. Tæpur helmingur þátttakenda bjó

í eigin húsnæði eða var á almennum leigumarkaði og átti það við um 73% þátttakenda af MVS, þar sem hlutfallið var hæst, en lægst var það á VON, 29%.

82% stúdenta sögðust búa á höfuðborgarsvæðinu en misjafnt var eftir fræðasviðum hversu hátt hlutfallið var. Þannig bjuggu 90% stúdenta á HVS og 88% á VON á höfuðborgarsvæðinu en 65% stúdenta á MVS.

74% stúdenta voru barnlaus og var hlutfallið hæst á VON þar sem 90% voru barnlaus. Hlutfall þátttakenda sem áttu tvö eða fleiri börn var 15% en það var hæst á MVS þar sem 34% þátttakenda voru með tvö börn eða fleiri í sinni umsjá. Um 2% voru í fæðingarorlofi þegar könnunin var lögð fyrir og var hlutfallið hæst á HUG, 6%, en innan við 1% á VON.

Tafla 2. Hjúskaparstaða, búseta og fjöldi barna í umsjá þátttakenda.

	FÉL		HVS		HUG		MVS		VON		Allir	
	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N
Hjúskaparstaða												
Einhleyp(ur)	35	128	37	85	46	78	26	60	56	125	39	486
Sambúð/hjónaband	55	204	50	114	47	81	64	149	33	74	51	635
Einstætt foreldri	4	13	3	6	2	3	7	17	>1	1	3	40
Annað	7	25	10	24	5	9	3	8	11	24	7	92
Búseta												
Foreldrahús, borgar ekki heim	21	77	37	85	19	32	12	29	47	105	27	336
Foreldrahús, borgar heim	4	15	7	16	5	9	3	8	4	8	5	57
Almennur leigumarkaður	11	42	13	29	22	37	10	24	12	26	13	162
Eigin húsnæði	39	145	20	47	33	57	63	148	17	39	35	443
Á stúdentagörðum	23	85	22	51	19	32	10	24	20	44	19	241
Svarar ekki	2	7	1	3	2	4	>1	1	1	2	1	17
Landsvæði												
Höfuðborgarsvæðið	84	306	90	205	84	141	65	150	88	192	82	1014
Utan höfuðborgarsvæðisins	15	56	10	24	11	24	33	77	11	24	17	207
Útlönd	1	4		0	3	5	3	5	1	1	1	18
Fjöldi barna												
Ekkert barn	70	259	84	193	78	133	51	119	90	200	74	926
1 barn	13	47	9	21	13	23	15	34	7	15	11	141
2 börn	12	44	5	11	5	8	22	52	3	6	10	123
3 börn	5	19	3	6	4	7	12	29	1	2	5	63
Í fæðingarorlofi												
	3	12	3	6	4	6	2	4	>1	1	2	29

Um helmingur stúdenta, eða 48%, átti móður með háskólapróf. Hlutfallið var hæst á VON, 60%. Um 19% stúdenta áttu móður með ekki frekari menntun en grunnskólapróf eða sambærilegt. Hlutfallið var hæst á MVS, 28%, og lægst á VON, 11%. 40% stúdenta áttu föður með háskólapróf. Hæst var hlutfallið á VON, 55%, en lægst á FÉL og MVS, 34%. 31% stúdenta átti föður með iðnmenntun eða starfsnáám, flestir á MVS, 44%, en fæstir á VON, 20%. 88% þátttakenda eiga íslensku að móðurmáli. Hæsta hlutfallið er á MVS, 95%, en lægst er það á HUG, 64%.

Tafla 3. Menntun foreldra stúdenta og móðurmál.

	FÉL		HVS		HUG		MVS		VON		Allir	
	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N	%	%
Hæsta prófgráða móður/mæðra												
Háskólapróf	43	157	56	128	45	76	39	89	60	131	48	598
Stúdentspróf	14	52	15	34	23	39	12	28	14	31	15	187
Iðnmenntun/starfsnám	18	65	15	35	14	23	21	48	12	26	16	198
Grunnskólapróf	23	86	14	32	14	24	28	65	11	25	19	235
Veit ekki	2	6	0	0	4	7	>1	1	2	5	2	20
Hæsta prófgráða föður/feðra												
Háskólapróf	34	123	44	101	40	67	34	78	55	119	40	497
Stúdentspróf	13	47	14	32	17	28	7	16	14	30	13	158
Iðnmenntun/starfsnám	35	127	30	69	21	36	44	102	20	44	31	388
Grunnskólapróf	16	59	11	26	17	29	13	30	9	20	13	165
Veit ekki	2	9	>1	1	5	9	2	5	2	5	2	29
Íslenska móðurmál stúdents	92	339	92	211	64	107	95	220	88	192	88	1085

Námsstig og námsform


68% þátttakenda voru í bakkalárnámi og 25% í meistaranámi, fæstir voru í doktorsnámi, eða 2%. Hlutfall stúdenta í bakkalárnámi var hæst á HVS, 85%. 30% þátttakenda höfðu lokið 61–120 einingum þegar könnunin var lögð fyrir.

76% stúdenta voru skráð í staðnám, flestir á VON, 93%. 13% stúdenta voru í fjarnámi, flestir á MVS, um 43%, en fæstir á HVS og VON, 3%. 10% stúdenta sögðust vera í blönduðu námi, þ.e. bæði í stað- og fjarnámi.

Tafla 4. Námsstig, námsform og einingar.


	FÉL		HVS		HUG		MVS		VON		Allir	
	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N	%	N
Námsstig												
Bakkalárnám	60	224	85	197	73	125	61	142	76	171	68	860
Diplómunám	6	23	2	5	2	4	8	19	2	4	5	60
Meistaránám	33	122	11	26	23	39	29	68	17	39	25	312
Doktorsnám	1	2	1	3	2	3	2	5	4	10	2	24
Fjöldi eininga sem er lokið												
≤30 einingar	30	113	19	43	28	47	27	64	26	59	27	338
31-60 einingar	24	90	28	64	26	45	20	46	22	49	24	301
61-120 einingar	29	107	33	77	25	42	35	83	27	60	30	373
>120 einingar	16	61	20	47	21	36	18	41	25	55	19	242
Fjöldi eininga sem stúdent er skráður í												
≤5 einingar	1	4	5	12	4	6	3	6	1	3	3	32
6-10 einingar	6	22	3	7	5	8	6	14	4	9	5	62
11-15 einingar	7	24	2	4	6	9	4	8	2	5	4	51
16-20 einingar	9	31	9	4	14	22	10	23	8	16	9	102
21-25 einingar	5	19	5	10	5	8	6	13	13	27	6	77
26-30 einingar	51	185	56	123	46	73	58	128	47	98	52	616
>30 einingar	21	77	25	55	21	33	13	29	24	51	21	256
Námsform												
Staðnám	81	297	89	204	70	118	46	106	93	202	76	945
Fjarnám	9	34	3	7	11	18	43	99	3	6	13	166
Hvort tveggja	10	36	8	18	20	33	12	27	5	10	10	129

Vinna með námi, námslán og áhyggjur af fjárhag




Mynd 2. Hlutfall stúdenta sem unnu með námi eða tóku námslán.

63% þátttakenda unnu með námi annaðhvort á haust- eða vormisseri eða báðum misserum og 26% tóku námslán. Hæsta hlutfall vinnandi stúdenta var á MVS, 80%, lægsta hlutfallið var 50%, á VON. Hæsta hlutfall þeirra sem tóku námslán var 32%, á FÉL, en lægsta hlutfall stúdenta sem tóku námslán var á MVS, 20%. Um fjórðungur stúdenta sem ekki var að vinna sagðist hafa reynt að fá vinnu en án árangurs. Af þeim sem voru að vinna sögðu 13% að vinnan hefði minnkað út af COVID-19 og 6% að þeir hefðu viljað vinna meira en ekki fengið meiri vinnu.




Mynd 3. Tímar á viku í launuðu starfi á vormisseri.

Um 40% þátttakenda voru ekki að vinna með námi á vormisseri og um 19% unnu 10 klst. eða minna á viku í launuðu starfi. Hæst var hlutfall þeirra sem unnu ekki eða unnu 10 klst. eða minna á VON, 76%, en lægst var hlutfallið á MVS, 32%. Um 36% þátttakenda á MVS unnu meira en 31 klst. á viku með námi en lægst var hlutfallið á VON, 7%.



Mynd 4. Áhyggjur af fjárhagslegri getu til að stunda nám.


18% þátttakenda höfðu mjög litlar áhyggjur af getu sinni til að stunda nám en 19% mjög miklar. Hæsta hlutfall þeirra sem höfðu mjög miklar áhyggjur var 27%, á HUG, en lægst var hlutfallið á HVS, 13%.



Mynd 5. Hafa fjárhagsáhyggjur aukist eða minnkað vegna COVID-19?


2% þátttakenda sögðu að fjárhagsáhyggjur hefðu minnkað mjög mikið á tímum farsóttarinnar, 24% sögðu þær hafa aukist frekar mikið og 21% að þær hefðu aukist mjög mikið. Hlutfall þeirra sem sögðu fjárhagsáhyggjur hafa aukist frekar eða mjög mikið var hæst á HUG, 55%, en lægsta á MVS, 41%.

Áhrif COVID-19 á námsframvindu




Mynd 6. Hversu líklegt er að stúdent hætti námi vegna COVID-19?

Um 54% stúdenta töldu mjög ólíklegt að þeir hættu í námi vegna COVID-19. Hæst var hlutfallið á MVS, 59%, en lægst á VON, 49%. Á HUG taldi 1% miklar líkur á að hætta í námi vegna faraldursins en 5% á VON.




Mynd 7. Hversu líklegt er að stúdentum seinki í námi vegna COVID-19?

39% töldu mjög ólíklegt að þeim seinkaði í námi sínu vegna COVID-19. Hæsta hlutfallið var á HVS og MVS, 43%, en lægsta hlutfallið á VON, 31%. 15% stúdenta töldu mjög líklegt að þeim seinkaði í náminu. Hæsta hlutfallið var á VON, 21%, en lægsta á MVS, 9%.



Mynd 8. Voru þátttakendur að vinna að lokaverkefni í vetur?

Um 22% þátttakenda voru að vinna að lokaverkefni. Hæsta hlutfallið var á HUG, 26%, en lægsta á VON, 16%.



Mynd 9. Hlutfall þátttakenda sem voru að vinna að lokaverkefnum og lentu í einhverjum vandræðum sem rekja mátti til COVID-19 faraldursins.

Um 52% þeirra sem voru að vinna að lokaverkefni lentu í einhverjum vandræðum sem mátti rekja til COVID-19 faraldursins. Hæst var hlutfallið á VON, 71%, en lægst á MVS, 42%.

Stúdentar voru beðnir í opinni spurningu að segja nánar frá vandamálum tengdum lokaverkefni. Svör bárust frá um 140 stúdentum, tæplega 40 á FÉL og um 20 af hverju hinna sviðanna.

Flestir nefndu að það hefði haft áhrif á vinnu við lokaverkefnið að vinnuaðstaðan í háskólanum var lokað, en rúmlega 40 svör lýstu því hvernig það hefði tafið eða komið í veg fyrir að þátttakendur gætu unnið að lokaverkefninu. Á HVS og VON snerist þetta um aðgang að rannsóknarstofum en á öðrum sviðum meira um aðgang að bókasöfnum og þá bæði heimildum, forritum til úrvinnslu gagna og lesaðstöðu. Nokkrar athugasemdir snerust um hversu erfitt væri að vinna að lokaverkefni heima.

Bókasafn og skóli lokað, erfitt að nálgast gögn og erfitt að vera alltaf föst heima og gekk mjög illa að læra þegar ég gat ekki skipt um umhverfi.

Næstflest svör, eða um 25, lýstu því hvernig verra samband við leiðbeinanda hafði áhrif á framvindu lokaverkefnisins. Fram kom í athugasemdum að samskipti í gegnum fjarfundabúnað hefðu verið ófullnægjandi.

Aldrei hitt leiðbeinandann minn, erfitt að eiga bara samskipti í gegnum fjarbúnað.

Erfið samskipti við leiðbeinanda, ekki hægt að hittast í persónu og í skólanum. Oft truflanir á Teams og ekki nóg að hittast eingöngu á fjarfundum.

Nokkuð margir, eða rúmlega 20, nefndu að samkomubannið hefði komið í veg fyrir eða tafið gagnaöflun, svo sem viðtöl eða vettvangsathuganir.


Fáir þátttakendur, eða þrír, nefndu að þeir hefðu fengið COVID-19 eða þurft að fara í sóttkví vegna sjúkdómsins í nærumhverfi sínu. Margir gátu þess hins vegar að andleg veikindi sem rekja mátti til faraldursins hefðu haft neikvæð áhrif á framvindu vinnu við lokaverkefnið, en rúmlega 20 svör lýstu því. Nefnt var að erfitt hefði verið að halda einbeitingu, að kvíði og einbeitingarskortur hefði aukist þegar ekki var hægt að hitta fólk og vini.

Hef fundið fyrir miklum einmanaleika og á mun erfiðara en áður með að stunda námið sökum þess að finnast ég ekki vera í sambandi við aðra nemendur og í litlum tengslum við námsumhverfi.

Einnig var lýst áhrifum þess að þurfa að vera í fjarnámi.

Fjarnám hefur leitt til skólaleiða, meira álags í öðrum áföngum og skorts á félagslífi og beinni kenningu sem áhrif hefur á afköst.


Fjögur svör lýstu því hvernig fjárhagsvandræði urðu til þess að þátttakendur þurftu að fresta námslokum.



Mynd 10. Hlutfall þátttakenda sem áttu að vera í starfsþjálfun.


Um fimmtingur þátttakenda átti að vera í starfsþjálfun eða vettvangsnámi skólaárið 2020–2021.

Meira en helmingur þátttakenda á MVS og tæpur þriðjungur á HVS átti að vera í slíkri þjálfun.



Mynd 11. Áhrif COVID-19 á starfsþjálfun á vinnustað eða vettvangsnám á haustmisseri.


Um 44% fundu fyrir mjög miklum áhrifum og 32% fundu fyrir frekar miklum áhrifum COVID-19 á starfsþjálfun á vinnustað á haustmisseri. 80% þátttakenda á HVS fundu fyrir frekar eða mjög miklum áhrifum og 76% þátttakenda á MVS, en það eru þau tvö svið þar sem starfsþjálfun var algengust.



Mynd 12. Áhrif COVID-19 á starfsþjálfun á vinnustað eða vettvangsnám á vormisseri.


Á vormisseri fundu 20% mjög mikil áhrif og 27% frekar mikil áhrif af COVID-19 á starfsþjálfun. Lægsta hlutfallið var á MVS, en 10% fundu þar fyrir mjög miklum áhrifum og 26% frekar miklum áhrifum. Virðist starfsþjálfun því hafa gengið þar betur á vormisseri en um haustið. Sama má segja um HVS; þar sögðust 56% hafa fundið fyrir miklum eða frekar miklum áhrifum og virðist truflun þar hafa verið minni á vormisseri en á haustmisseri.

Aðstæður stúdenta til að sinna námi og þættir sem hafa neikvæð áhrif á námið




Mynd 13. Hversu góða eða slæma vinnuaðstöðu þátttakendur höfðu til að sinna náminu meðan skólinn var lokaður vegna COVID-19.

55% þátttakenda höfðu góða, mjög góða eða frekar góða vinnuaðstöðu til að sinna náminu. Hæsta hlutfallið var á MVS, 60%, en lægsta hlutfallið á HVS, 52%. 7% þátttakenda töldu vinnuaðstöðu sína vera mjög slæma, hæsta hlutfallið var á HVS, 9%, en lægsta hlutfallið á HUG og VON, 4%.




Mynd 14. Hversu góða eða slæma vinnuaðstöðu þátttakendur hafa venjulega til að sinna náminu.

83% þátttakenda höfðu yfirleitt góða vinnuaðstöðu til þess að sinna námi sínu, 33% mjög góða og 50% frekar góða. Hæsta hlutfallið var á HVS, 86%, en lægsta hlutfallið var á MVS, 77%. Sárafair þátttakendur höfðu mjög slæma vinnuaðstöðu, eða 1% á FÉL, MVS OG VON, en enginn á HVS og HUG.




Mynd 15. Hversu gott eða slæmt næði þátttakendur höfðu til að læra á meðan skólinn var lokaður.

58% þátttakenda höfðu gott næði til að læra meðan skólinn var lokaður, 27% mjög gott og 31% frekar gott. Hæsta hlutfallið var á HUG, 68%, en lægsta hlutfallið á VON, 52%. 27% höfðu slæmt næði, 19% frekar slæmt og 8% mjög slæmt. Hæsta hlutfallið var á HVS, 31%, en lægsta hlutfallið á MVS, 20%.



Mynd 16. Hversu gott eða slæmt næði þátttakendur hafa venjulega til að læra.


86% þátttakenda hafa venjulega gott næði til að læra, 34% mjög gott og 52% frekar gott. Hæsta hlutfallið var 93%, á HUG, en lægsta hlutfallið 81%, á MVS.



Mynd 17. Hafa þátttakendur haft meiri eða minni tíma til að sinna náminu í vetur en fyrri skólaár?


Um 32% höfðu haft meiri tíma til þess að sinna námi sínu, 13% meiri tíma og 19% aðeins meiri tíma. 40% höfðu haft svipaðan tíma og um 28% minni tíma, þar af 15% aðeins minni tíma og 13% minni tíma.

Hæsta hlutfall þátttakenda sem höfðu haft meiri tíma var 41%, á HUG, lægsta hlutfallið var á HVS, 24%. Hæsta hlutfall þátttakenda sem höfðu haft minni tíma var á MVS, 37%, en lægsta hlutfallið var á HUG, 23%.




Mynd 18. Upplifun af streitu/álagi vegna COVID-19 miðað við venjulega.

Um þrír af hverjum fjórum þátttakendum sögðust hafa upplifað meiri streitu og álag en venjulega vegna COVID-19. Hlutfallið var hæst 82% á HVS og 78% á VON en lægst 70% á MVS.




Mynd 19. Neikvæð áhrif skyldna vegna fjölskyldu á frammistöðu í námi.

Um 17% þátttakenda sögðu að skyldur vegna fjölskyldu hefðu haft mjög mikil eða mikil neikvæð áhrif á nám þeirra. Nærri fjórðungur (23%) þátttakenda á MVS svöruðu á þann veg en aðeins 9% þátttakenda á VON.




Mynd 20. Neikvæð áhrif launaðrar vinnu á frammistöðu í námi.

Um 31% þátttakenda fann fyrir neikvæðum áhrifum launaðrar vinnu á nám sitt og 5% sögðu þau hafa verið mjög mikil. Svör voru nokkuð misjöfn eftir sviðum, þannig fann tæplega helmingur þátttakenda á MVS fyrir neikvæðum áhrifum en aðeins 20% á VON.




Mynd 21. Neikvæð áhrif kvíða á frammistöðu í námi.

Um tveir af hverjum þremur þátttakendum sögðu kvíða hafa haft neikvæð áhrif á nám sitt og um fjórðungur að kvíði hefði haft mjög mikil áhrif. Hlutfallið var hæst á VON og HVS, 72%, en lægst á MVS, 62%.




Mynd 22. Neikvæð áhrif veikinda eða slysa á frammistöðu í námi.

Fimmtungur þátttakenda sagði veikindi eða slys hafa haft neikvæð áhrif á námið. Algengast var að þátttakendur af MVS hefðu þá reynslu, eða 24% þeirra, en fæstir á VON, 14%.



Mynd 23. Neikvæð áhrif námsörðugleika á frammistöðu í námi.


Um 30% þátttakenda sögðu námsörðugleika hafa haft neikvæð áhrif á nám sitt. Það á við um 35% þátttakenda á VON og 32% á HVS, þar sem hlutföllin voru hæst, en 28% og 27% á MVS og FÉL, þar sem þau voru lægst.



Mynd 24. Neikvæð áhrif COVID-19 á frammistöðu í námi.


Um 56% þátttakenda sögðu COVID-19 hafa haft neikvæð áhrif á nám sitt. Hlutfallið var yfir 50% á öllum fræðasviðum nema MVS, þar sem 47% sögðu COVID-19 hafa haft neikvæð áhrif. Um fimmtungur þátttakenda sagði faraldurinn hafa haft mjög mikil neikvæð áhrif.

Framkvæmd kennslunnar




Mynd 25. Fastar kennslustundir í stundatöflu í námskeiðum.

Þátttakendur voru spurðir hvort fastar kennslustundir hefðu verið í stundatöflu á þeim tímabilum þegar fjarkennsla var í gangi. Nemendur svöruðu sérstaklega fyrir hvert námskeið sem þeir tóku. Í meirihluta námskeiða, eða 74%, voru kennslustundir vikulega. Á FÉL voru vikulegar fastar kennslustundir í 83% námskeiða og þar var hlutfallið hæst en lægst var þetta hlutfall á MVS, 63%. MVS sker sig úr, þar var meira um að kennslustundir væru aðeins í svokölluðum staðlotuvikum sem venja er að halda fyrir fjarnema, en tæpur helmingur svarenda á MVS var fjarnemar. Í 11% námskeiða voru engir fastir tímar í stundatöflu.



Mynd 26. Mikilvægi þess að hafa fasta tíma í stundatöflu í námskeiðum í fjarnámi.


Meira en helmingi þátttakenda fannst mjög mikilvægt að hafa fastar kennslustundir í stundatöflu í námskeiðum í fjarnámi. Aðeins á MVS og HVS fór þetta hlutfall örlítið undir helming þátttakenda en hæst var hlutfallið á VON, 59%.



Mynd 27. Hlutfall námskeiða þar sem upptökur voru gerðar fyrir fram.


Þátttakendur sögðu að í um 50% þeirra námskeiða sem þeir tóku hefðu upptökur verið gerðar fyrir kennslustundir fyrir fram. Slíkar upptökur voru algengastar á MVS, þar sem í 74% námskeiða voru

notaðar slíkar upptökur, en sjaldgæfastar á VON, þar sem í þriðjungnum námskeiða voru notaðar fyrir fram gerðar upptökur.




Mynd 28. Hversu óánægðir eða ánægðir stúdentar voru með upptökur kennara sem gerðar voru fyrir fram.

Almennt voru 44% mjög ánægð með fyrir fram gerðar upptökur og 33% frekar ánægð. 85% á MVS voru mjög eða frekar ánægð, en lægsta hlutfallið var á VON, 68%. Hlutfall óánægju var um 13%, lægst var hlutfallið um 6%, á MVS, en hæst á VON, þar sem 19% voru óánægð.




Mynd 29. Hlutfall námskeiða þar sem notuð var kennsla með streymi í rauntíma.

Í þremur af hverjum fjórum námskeiðum sem þátttakendur tóku var notað streymi af kennslu í rauntíma. Þetta var algengast á FÉL, þar sem slíkt streymi var notað í 83% námskeiða, en minnst var um þetta á HVS, þar sem þessi möguleiki var nýttur í 66% námskeiða.




Mynd 30. Hversu óánægðir eða ánægðir stúdentar voru með kennslu í streymi í rauntíma.

Meirihluti þátttakenda, eða 70%, var mjög eða frekar ánægður með kennslu í streymi í rauntíma. Mest var ánægjan á MVS, þar sem 78% voru ánægð, en minnst á HVS, þar sem 64% voru ánægð.




Mynd 31. Hlutfall námskeiða þar sem notaðar voru upptökur af kennslu í rauntíma á neti eða í skólabyggingu.

Upptökur af kennslu í rauntíma voru notaðar í 47% námskeiða. Hæsta hlutfallið var á VON, 55%, en lægsta á HUG, 38%.




Mynd 32. Hversu óánægðir eða ánægðir stúdentar voru með upptökur kennara af kennslu í rauntíma.

Almennt voru stúdentar ánægðir með upptökur af kennslu í rauntíma, 43% voru mjög ánægð og 29% frekar ánægð. Hæsta hlutfall þeirra sem voru mjög eða frekar ánægðir var á FÉL, 76%, en lægsta hlutfallið var á HVS, 65%.




Mynd 33. Notkun fjarfunda á netinu þar sem kennari var til aðstoðar, umræður eða hópvinna.

Almennt var notkun fjarfunda á netinu í ríflega helmingi námskeiða, eða 55%. Hæsta hlutfallið var á MVS, 68%, og það lægsta á HUG, HVS og VON, 51%.




Mynd 34. Hversu óánægðir eða ánægðir stúdentar voru með fjarfundi á netinu þar sem kennari var til aðstoðar, umræður eða hópvinna.

73% stúdenta sögðust vera ánægð með fjarfundi á netinu, hæsta hlutfall stúdenta sem voru mjög ánægðir eða frekar ánægðir var á MVS, 81%, en það lægsta, 62%, á HVS. Almennt voru 11% stúdenta óánægð, þ.e. frekar óánægð eða mjög. Hæst var hlutfallið á VON, 16%, en lægst, 9%, á HVS og MVS.




Mynd 35. Hlutfall námskeiða þar sem voru kennslustundir í skólabyggingu eða útikennsla.

Í rúmlega fimmtungi námskeiða, eða 22%, var einhver kennsla í skólabyggingu eða útikennsla. Í um þriðjung námskeiða á HUG var einhver kennsla á staðnum og þar var hlutfallið hæst, en lægst var hlutfallið á FÉL, þar sem í 12% námskeiða var einhver kennsla á staðnum.




Mynd 36. Hversu óánægðir eða ánægðir stúdentar voru með að hafa kennslustundir í skólabyggingu eða útikennslu.

Meira en helmingur, eða 66%, þeirra sem mættu eitthvað í kennslustundir í skólabyggingu eða útikennslu, var mjög eða frekar ánægður með þá kennslu. Hæst var hlutfall ánægðra á VON, 74%, en lægst, 54%, á MVS og FÉL.



Mynd 37. Hversu mikilvægt var að fá að mæta í skólabyggingu eða útikennslu.


Þeir stúdentar sem höfðu mætt í skólabyggingu eða útikennslu í að minnsta kosti einu námskeiði voru spurðir hversu mikilvægt það hefði verið fyrir þá. Um 69% töldu það hafa verið mjög eða frekar mikilvægt. 77% á VON voru á þeirri skoðun, og þar var hlutfallið hæst, en 59% á MVS, þar sem hlutfallið var lægst.



Mynd 38. Hversu mikið þátttakendur sakna þess að mæta í tíma í skólabyggingu eða útikennslu.


Um 62% þátttakenda sem ekkert mættu í skólann söknuðu þess mjög eða frekar mikið. Mest söknuðu þátttakendur á HVS þess, en þar sögðust 77% sakna þess. Lægst er hlutfallið á MVS, þar sem 48% söknuðu þess að mæta í skólann.

Mat á besta námskeiðinu sem þátttakendur tóku



Mynd 39. Einkunn gefin ýmsum þáttum í því námskeiði sem nemendur voru ánægðastir með.


Á mynd 39 má sjá mat þátttakenda á besta námskeiðinu sem þeir tóku. Hægt var að gefa einkunn á kvarðanum 0 til 10. Bestu námskeiðin fá yfir 9 á öllum þáttum, það er skipulagi, kennslu, notkun á stafrænni tækni, námsmati og námskeiðinu í heild. Það svið sem er með lægstu meðaleinkunn er HVS, en þar er til að mynda gefin einkunnin 8,6 að meðaltali fyrir námsmat og er það eina meðaltalið sem fer undir 9.



Mynd 40. Kennslutilhögun í námskeiðum sem þátttakendur voru ánægðastir með.

Þátttakendur voru spurðir hvaða kennslutilhögun hefði verið notuð í þeim námskeiðum sem þeir voru ánægðastir með. Algengast var að notuð væri kennsla með streymi í rauntíma, en hún var notuð

í 70% námskeiða. Í 56% námskeiða voru fjarfundir á netinu þar sem kennari var til aðstoðar og umræður eða hópvinna fór fram. Í aðeins 9% námskeiðanna sem þóttu best hafði farið fram kennsla í skólabyggingu eða útikennsla. Áberandi var hvað upptökur sem gerðar voru fyrir fram voru mikið notaðar á MVS, en það átti við í 70% af þeim námskeiðum sem stúdentar voru ánægðastir með á meðan slíkar upptökur voru ekki notaðar nema í 38% námskeiðanna á VON og um helmingi námskeiða á FÉL og HUG.



Mynd 41. Fastar kennslustundir í stundatöflu í námskeiðinu sem þótti best.

Í miklum meirihluta, eða 80% þeirra námskeiða sem þátttakendur voru ánægðastir með, voru fastar kennslustundir í stundatöflu. Á MVS var þetta hlutfall lægst, eða 73%, en hæst var það 86% á FÉL.

Í opinni spurningu voru þátttakendur beðnir að nefna eitthvað sem hefði verið sérstaklega gott við það námskeið sem þeir voru ánægðastir með.

Félagsvísindasvið

143 stúdentar á FÉL svöruðu þessari spurningu. Af þeim voru 117 í staðnámi en 26 voru skráðir í fjarnám eða blandað nám. Svör þeirra sem voru í fjarnámi eða blönduðu námi skáru sig ekki úr. Í flestum svörum, eða um 60, var nefnt að kennari og kennsla hefði skipt mestu um gæði námskeiðsins. Samkvæmt svörum einkennir það góðan kennara að hann útskýrir vel, skipulag er skýrt, upplýsingar aðgengilegar og tæknin vel nýtt.

Góð og skýr kennsluáætlun, kennarinn tók upp ítarlegar útskýringar á erfiðu efni sem er hægt að nálgast hvenær sem er. Svarar öllum tölvupósti. Allir tímarnir fóru fram á Zoom, mjög góð kennsla þar.

Einnig töldu nemendur það kost ef kennarinn var sveigjanlegur og sýndi vilja til að koma til móts við nemendur, tók tillit til aðstæðna og var fljótur að svara tölvupóstum

Kennarinn sýndi nemendum skilning á aðstæðum. Fór ekki fram á mætingu okkar í HÍ þrátt fyrir minni covid samkomutakmarkanir. Sá til þess að mæta okkur, með tæknilega hluti, eins vel og hún gat og lét okkur alltaf vita með góðum fyrirvara ef eitthvað breyttist.

Merki um góða kennslu var t.d. „kennari lunkinn í að laða fram góða umræðu um námsefnið og tímarnir verða fyrir vikið líflægir og auðvelt að halda fókus“ og að kennarar „settu námskeiðið mjög vel upp í Canvas og miðluðu því af þekkingu og áhuga sem smitaðist til mín“. Einnig var það nefnt að gera skýrar og raunhæfar kröfur til nemenda og setja fyrir hentug verkefni. Einn nefnir sem dæmi „tímaverkefni með góðum umræðum sem gildi til einkunnar, það hvatti a.m.k. mig til þess að mæta og taka þátt :)“.

Í 27 svörum voru netfundir eða vel heppnuð kennsla í streymi nefnd sem liður í að gera námskeiðið gott og 25 nefndu upptökur sem voru ýmist af kennslustundum á netinu eða af fyrirlestrum sem kennarar sömdu fyrir kennslustundir. Kostur við kennslu á netinu væri að þeir sem annars hefðu ekki haft tök á að mæta af mismunandi ástæðum hefðu nú getað tekið þátt í kennslustundum. Regluleg netkennsla er nefnd sem kostur.

... vikulegir tímar í streymi með kennara þar sem voru umræður um lesefnið en einnig voru innlagnir um námsefnið sem kennari tók upp sem hefðu verið eins og glærusýningar og fyrirlestur ef það hefði verið staðnám.

Þá er kennurum hrósað fyrir hæfni til að fá alla nemendur til að taka virkan þátt í kennslustundum á netinu, t.d. með því að skipta nemendum í sérherbergi (breakout rooms) þar sem þeir gátu unnið saman í minni hópum. Nefnt var að gott væri að hafa reglulega tíma vikulega þannig að hægt væri að fá aðstoð en einnig að fjölbreyttir kennsluhættir væru kostur.

Fannst mjög gott að hafa breytileika þar sem það gat verið lýjandi í öðrum áföngum að t.d. vera alltaf að fara í break out rooms (hópavinnu) alla þriðjudaga kl. 10 og enginn breytileiki og ég mætti verr í þá tíma þar sem var alltaf krafist mikillar þátttöku og aldrei smá frí frá sama forminu.

Stúdentum þótti kostur að fá upptökur af fyrirlestrum fyrir fram.

Fyrirlestrar voru teknir upp fyrir fram svo hægt var að horfa á þá þegar hentaði, vikulegu tímarnir í stundatöflu voru svo nýttir til verklegra æfinga í gegnum netið. Við gátum því undirbúið okkur á okkar tíma og æft okkur vikulega.

En margir nefndu líka að gott væri að geta hlustað á upptökur af kennslustundum á netinu síðar.

... kennararnir voru flestir með fyrirlestrana í rauntíma en þeir voru síðan teknir upp sem að mér finnst mjög mikill kostur þar sem að þetta er þungt og mikið efni og því gott að geta horft á þá tíma aftur sem að mér fannst ég þurfa til að dýpka efnið.

Í um 20 svörum var gott skipulag nefnt sem kostur við besta námskeiðið. Margir tala bara um vel skipulagt námskeið en útskýra það ekki nánar, en hér eru tvö dæmi.

Alltaf sama format. Fyrirlestrar um ákveðið efni settir inn vikulega og svo örverkefni fyrir hvert viðfangsefni sett fyrir vikulega.

Vel skipulagt frá byrjun annarinnar, ekkert breyttist og allt var stöðugt. Kennarinn var búinn að ákveða að við hlustuðum á 30 mín. af efni fyrir tímann og síðan mættum við í tíma þar sem voru umræður og verkefni. Þetta skipulag var mjög þægilegt en einnig var það gott því

það var ekki verið að hringla með það og breyta því t.d. með að hafa eina vikuna í staðkennslu, eina í upptökur og eina í rafræna

Í um 15 svörum var ánægja með námsmat. Flestir nefna að símat með jöfnu álagi yfir misserið sé kostur. „Í símati verður maður að vera virkur allt námskeiðið.“

Mjög gott hvað verkefni sem gilda til einkunnar dreifðust vel yfir önnina, ekki súpervægi á eina ritgerð/lokapróf í lok annar þegar álag í öllum áföngum fer í hámark og stressið skemmir fyrir manni.

Í fimm svörum kemur fram að áhugavert efni hafi gert námskeiðið að því besta á misserinu og í öðrum fimm er talað um áhugaverða gestafyrirlesara. Þrír þátttakendur nefna vel skipulagt Canvas og einn nefnir að tækninotkun hafi átt þátt á að gera námskeiðið það besta. „Það var notuð allskonar tækni til að fá nemendur til að taka þátt í tímum á netinu.“ Tveir nefna að það hafi verið ómetanlegt að fá að mæta í tíma „það besta var að hann gerði það sem hann gat til þess að leyfa okkur að mæta í tíma“.

Heilbrigðisvísindasvið HÍ

75 stúdentar af HVS svöruðu opnu spurningunni um besta námskeiðið og nánast allir voru staðnemar. Í flestum svörum, eða 30, töldu stúdentar að góðir kennarar og góð kennsla hefðu skipt mestu. Kennurum er hrósað fyrir að útskýra efnið vel og hafa gott skipulag en einnig fyrir að vera sveigjanlegir, koma til móts við nemendur og bregðast fljótt við spurningum.

Kennararnir voru meðvitaðir um ástandið, þeir hvöttu okkur áfram, gáfu aukatíma þegar svo lá við, tileinkuðu sér nýja kennsluhætti og aðlöguðu sig vel að breyttu sniði.

Fram kom að það skipti líka máli að kennarar væru áhugasamir og „annt um að nemendur læri efnið“. Í um 20 svörum kom fram að gott skipulag hefði verið kostur við besta námskeiðið. Nefnt var sem kostur að skýrt hefði verið frá upphafi hvernig námsfyrirkomulagi og námsmati væri háttað og verkefnalýsingar hefðu legið fyrir strax í upphafi.

Frábært skipulag, tæknin nýtt vel, allir fyrirlestrar settir inn á Canvas og nemendur gátu lært efnið á eigin hraða. Kennari setti einnig inn áætlun sem nemendur gátu farið eftir en nemendur gátu farið framúr ef þeir vildu. Kennari var til staðar vikulega til að svara spurningum og ræða efnið.

Gott skipulag, fjölbreyttir kennsluhættir og lærdómsrík verkefni. Skýr hæfniviðmið frá upphafi áfanga og alltaf tölvupóstur í upphafi viku um skipulag vikunnar og hvers er ætlast til af manni þá vikuna en alltaf á vinalegu nótunum.

Í þriðja sæti yfir það sem nefnt var oftast sem kostur við námskeiðið var að stúdentar hefðu haft tækifæri til að mæta í skólann þegar það var mögulegt vegna samkomutakmarkana, en í 15 svörum var það nefnt. Svörin benda til þess að um hafi verið að ræða verklega kennslu þar sem nemendur hafi átt þess kost að mæta vikulega „en allri kennslu var einnig streymt og hún tekin upp“.

Í 12 svörum var það nefnt sem kostur að kennari hefði gert upptökur, ýmist fyrir fram eða af netkennslustundum, sem voru aðgengilegar allt námskeiðið á Canvas „þannig að þegar maður komst ekki á fundinn vegna aðstæðna, gat maður samt haldið í við kennsluna. Í 11 svörum kom fram ánægja með námsmat í námskeiðinu. Margir nefna ekkert lokapróf eða heimapróf sem kost.

Þeir eru hins vegar með æðislegt kerfi fyrir heimapróf og mér finnst satt að segja ótrúlega sniðugt að innleiða fleiri heimapróf sem eru einnig gagnapróf því þau eru oft ekkert auðveldari. Það á að kenna fólki að afla sér gagna ekki bara páfagauka-lærdóm sem gleymist eftir próf.

Í 10 svörum er kennsla á netinu í rauntíma talin hafa verið kostur, það hafi verið gott að hafa tíma í stundatöflu daglega og geta mætt á Zoom og hitt kennara og nemendur og spjallað.

Það var gott að hafa streymi í rauntíma, þar sem að það hvatti mann til þess að mæta á fundina á rauntíma. Einnig var gott að kennslan var tekin upp, þannig að þegar maður komst ekki á fundinn vegna aðstæðna, gat maður samt haldið í við kennsluna.

Í fjórum svörum er nefnt að áhugavert efni hafi gert námskeiðið gott.

Hugvísindasvið HÍ

58 stúdentar á HUG svöruðu opinni spurningu um besta námskeiðið og af þeim voru 23 í fjarnámi eða blöndu af stað- og fjarnámi, en svör þeirra skáru sig ekki úr. Í flestum svörum, eða 17, var kennari og kennsla það sem stúdentar voru ánægðastir með. Nefnt var að mikill áhugi kennara á efninu hefði skipt máli svo og að kennari hefði tekið tillit til aðstæðna nemenda og sýnt skilning og verið sveigjanlegur.

En það sem mér finnst mikilvægast er að vegna aðstæðna var kennarinn sanngjarn þegar kom að breytingum á námskeiðinu, mætingu nemenda og skilafresti meðal annars.

Næstum jafnmargir þátttakendur, eða 16, voru ánægðir með gott skipulag. Nánari lýsing á því hvað fælist í góðu skipulagi var stundum gefin þó að margir segðu bara að skipulag á námskeiðinu hefði verið mög gott. Nefnt er að álag hafi dreifst jafnt yfir misserið og að verkefni hafi gert ráð fyrir að nemendur þyrftu að kynna. Einnig er nefnt að kennarar hafi sett inn upptökur af fyrirlestrum fyrir tímana og gefið nemendum tíma til að undirbúa spurningar og umræður í net tímum. Og svo er hrósað fyrir að halda í skipulag sem kynnt var í upphafi en þó sýna sveigjanleika þegar aðstæður breyttust.

Fyrirkomulaginu var aldrei breytt fyrirvaralaust, heldur var haldið við það sem upprunalega var ákveðið. Það var fjarkennsla vegna þess að ekki var hægt að sjá fyrir um hvort staðkennsla yrði leyfð alla önnina og því ákveðið strax að það skyldi öll kennsla og námsmat henta fjarkennslu. Svo ef takmarkanir voru minni og hægt var að hittast þá var það val fyrir þau sem treystu sér en ennþá fjarnámsúrræði í boði fyrir hin.

Í níu svörum var minnst á kennslu eða umræðutíma í streymi í rauntíma og í jafnmörgum á upptökur, stundum hvort tveggja í sama svarinu. Fram kom ánægja með að geta mætt í tíma á netinu og nefnt að það væri kostur að þá gætu namar mætt í tíma óháð búsetu. Misjafnt var eftir námskeiðum hvort kennslustundir á netinu voru teknar upp en fram kom að stúdentum þætti það kostur.

Fastir tímar vikulega, en allt tekið upp svo þau sem gátu einhverra hluta vegna ekki sótt tímann í rauntíma gátu alltaf haldið dampi og tekið þátt í námskeiðinu þrátt fyrir aðstæður

Fram kemur ánægja með að upptökur af fyrirlestrum séu gerðar aðgengilegar á netinu fyrir kennslustundir sem við þessar aðstæður voru flestar á netinu.

Í nokkur skipti var fyrirkomulagið þannig að kennarinn setti inn upptöku af fyrirlestri og svo var rafrænn umræðutími þar sem við gátum bæði spurt út í efnið og rætt það sérstaklega.

Mér finnst kostur að geta hlustað á upptökur af tímum aftur, það hefur hjálpað mér að ná að glósa betur efnið og ná betri árangri í náminu. Kennararnir bæta alltaf einhverju við efnið sem ekki kemur fram í kennslubókum eða skýra á annan hátt svo það styður vel við hvort annað.

Í átta svörum byggist mat á besta námskeiðinu á því að efni þess hafi verið áhugavert og skemmtilegt. Sex þátttakendum finnst námsmátið í besta námskeiðinu hafa verið vel útfært. Nemendur eru ánægðir með að fá verkefni jafnt yfir misserið sem gilda sem hluti af lokaeinkunn, þ.e. símat, og þeim finnst gott þegar nemandur „eiga þann möguleika að taka upprifjunarkannanir eftir hvern kafla“. Einnig kom fram að nemendum fyndist mikilvægt að námsmat væri þannig að „ég vissi alltaf hvað var ætlast til af mér í námskeiðinu svo ég fann aldrei fyrir kvíða eins og í þeim námskeiðum sem þessu var ábótavant“.

Menntavísindasvið HÍ

Á MVS svaraði 91 opnu spurningunni um besta námskeiðið, þar af voru 45 svör frá staðnemum, 38 frá fjarnemum og 8 frá nemum í blöndu af stað- og fjarnámi. Svör staðnema annars vegar og fjarnema og þeirra sem voru í blönduðu námi hins vegar voru aðskilin í fyrstu greiningu og fram kemur hér í samantektinni ef munur var á svörum þeirra.

Flest svör, alls 40, jafnmörg frá fjarnemum og staðnemum, lýstu því að kennarar og kennsla hefðu skipt miklu máli þegar gæði námskeiðs voru metin. Margir nefna að áhugi kennara hafi skipt miklu og smitað út frá sér til nemenda en einnig: „Gott skipulag og skilningur fyrir aðstæðum nemenda.“

Leiðbeinandi kennsla og námsmat, fjölbreyttar aðferðir við úrvinnslu verkefna, áhugasamir kennarar sem eru vel að sér í námsefni.

Talað er um mikilvægi sveigjanleika og góðra samskipta nemenda og kennara og að gott sé þegar „alltaf er hægt að hafa samband við kennara“.

Kennarar voru vel skipulagðir, sýndu nemendum virðingu og traust. Þeir voru duglegir að hrósa nemendum þegar vel gekk og hvöttu þá áfram við erfiðar aðstæður.

Og fjarnemar kunnu að meta það þegar þeim var sinnt sérstaklega.

Mjög gott utanumhald utan um fjarnema, kennari hringdi til þess að athuga hvernig okkur gekk og hvernig okkur liði.

Í næstflestum eða 20 svörum (nánast jafnmörgum frá stað- og fjarnemum) er kennsla í streymi nefnd sem kostur. Fjarnemar lýsa yfir ánægju með að hafa fengið tækifæri til að mæta í rauntíma á Zoom.

... þurfa ekki að mæta "á staðinn"/í skólann í neina tíma/staðlotu - Það fer allt of mikill tími í ferðalög sem maður getur annars notað til að læra eða sinna fjölskyldunni.

Hægt að mæta í tíma ef maður þarf að vera með veikt barn heima eða veður og annað sem stoppar mann. Tímasparnaður.

Fjarnemum finnst líka hafa verið: „Skemmtilegt að sjá kennarann og geta spurt út í námið og sjá aðra nemendur.“ Annar fjarnemi hrósar skipulaginu.

Skipulag kennara, þeir skiptu okkur upp í herbergi [á Zoom] og við gátum spjallað um viðfangsefnið þannig að ég náði að tengjast öðrum nemendum þó við hittumst aldrei nema á netinu.

Staðnemar lýstu líka ánægju með kennslustundir í streymi í rauntíma á netinu. Í tíu svörum var minnst á upptökur, jafnmörg svör frá stað- og fjarnemum. Staðnemar nefna að kostur hafi verið að fá upptökur af fyrirlestrum á sama tíma í hverri viku og að þær hafi verið í hæfilegri lengd, um „20–30 mín. langur fyrirlestur hentar mjög vel hvað varðar athygli og skipulag“. Fjarnemar nefndu að það hefði verið kostur að fá upptökur sem gerðar voru fyrir fram.

... held líka að fyrir fjarnema að þá séu upptökur gerðar fyrir fram mikið betri en upptökur úr tíma í rauntíma. Bæði út af hljóðgæðum og eins vegna þess það heyrast ekki alltaf spurningarnar úr sal á upptökum.

Fjarnemar hafa valið það námsform af því þeir vilja geta stundað nám án þess að mæta, og í einu svari er kostur þess lýst.

Gott að hafa allt námsefni og allar upptökur tilbúnar í upphafi námskeiðs. Flott skipulag sem ég gat unnið með og miðað tíma minn við. Allt var tilbúið og ég gat unnið á mínum hraða.

Í um 20 svörum, jafnmörgum frá stað- og fjarnemum, var gott skipulag talið kostur besta námskeiðsins. Svörin eru flest almenns eðlis en einn nefnir tímastjórnun í takt við vægi verkefna og annar reglulega umræðutíma á netinu.

Hvernig kennslan fór fram hentaði mjög vel, fyrirlestrar voru teknir upp og settir á Canvas nokkrum dögum fyrir umræðu/verkefnatíma en í þeim tíma gátu nemendur spurt út í námsefnið og unnið í hópverkefnum.

Sex fjarnemar og tveir staðnemar nefna að fyrirkomulag námsmats hafi skipt máli. Flestir lýsa ánægju með símat og aðhald við að skila verkefnum jafnt og þétt til að jafna vinnuálag. Einn fjarnemi nefndi það sem kost að hafa haft tækifæri til að mæta í skólann í staðlotu og tveir staðnemar nefndu þetta.

Kennarinn reyndi líka að koma til móts við nemendur sem vildu mæta í tíma, þeir gátu skráð sig ef þeir ætluðu að mæta, passað vel upp á fjölda í kennslustofu, þá voru nokkrir nemendur í stofu en hinir á ZOOM. Það hentaði mér mjög vel að geta verið heima. Er að vinna með veikum hópi fólks og að geta verið heima og minnka líkur á COVID-19 smiti skipti mig miklu máli.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

89 stúdentar á VON svöruðu opnu spurningunni um besta námskeiðið og nánast allir voru skráðir í staðnám. Í flestum svörum, tæplega 40, kom fram að kennarar og kennsla hefðu skipt mestu máli varðandi gæði. Nefnt er að kennarar hafi verið áhugasamir og hjálpsamir.

Vildi gera allt til að hjálpa okkur og fræða. Gerði námskeiðið mjög skemmtilegt. Almennt smitaðist áhugi kennarans yfir á okkur nemendurna.

Einnig var nefnt að kennarar hefðu verið skilningsríkir og aðgengilegir til þess að svara spurningum og aðstoða.

Kennarinn tók frá tíma til að hjálpa nemendum við verkefnavinnu á föstum tíma í viku síðustu vikunnar. Þá var hægt að koma með spurningar og vinnan var ekki jafn einmanaleg þar sem maður fann fyrir samnemendum sínum.

Í nokkrum svörum kemur fram að stúdentum fannst það gott ef kennari gaf kost á staðtímum þegar hægt var.

Bauð upp á staðkennslu í byrjun mars sem skipti miklu máli fyrir mig, sýnir að kennarinn hefur áhuga og metnað til að veita nemendum bestu mögulega kennslu.

Í 17 svörum er fjallað um upptökur sem kost en ýmist voru upptökur gerðar fyrir fram eða kennsla í streymi í rauntíma tekin upp.

Góðir skýrir fyrirlestrar og glærur sem voru teknir upp fyrir fram. Gerði gæfumun að geta horft á þá á tíma sem hentaði manni, auðveldaði glósur og skilning minn á efninu.

Alltaf upptökur þannig að ef maður missti af tíma þá fékk maður samt kennsluna. Allt námsefni, próf og heimaæmi rafrænt sem var frábært og líka umhverfsvænna - minni pappírnotkun

Einn nefnir að dæmatímar hafi verið „mjög þægilegir og upptökurnar settar á Youtube“.

Einnig voru upptökur af kennslu í rauntíma eitthvað sem kemur sér vel þegar við viljum geta ýtt á pásu til að átta okkur á því sem var sagt. Upptökurnar settar svo á netið og þær með markvisst nafn og brotnar niður eftir viðfangsefni og því ekki of langar upptökur heldur frekar aðeins fleiri.

Í 12 svörum var kennsla í streymi talin hafa verið kostur. Formið var nýtt fyrir flesta og í svörunum kemur fram að kennarar gerðu tilraunir með mismunandi fyrirkomulag.

Það eru bæði fyrirlestrar þar sem nemendur geta gripið fram í og líka dæmatímar þar sem nemendur fara yfir dæmi og kenna hinum nemendum.

Hvernig var hægt að bjóða uppá verklega tíma algjörlega í gegnum Zoom. Ég elskaði það.

Svo voru tímar í stundatöflu tvisvar í viku þar sem við gátum spurt út í þá fyrirlestra, og rennt var yfir efni vikunnar. Það finnst mér hafa verið best heppnaði áfangi vetrarins.

Í nokkrum svörum lýsa stúdentar kostum þessa fyrirkomulags fram yfir staðkennslu og finnst „mikilvægt að hafa val um að geta mætt í tíma á staðnum eða verið heima í tímanum í rauntíma!“

"fjarkennslan" hefur gert mikið fyrir mig! meira frelsi og auðveldara að fara með börn á leikskóla og geta síðan bara farið beint heim og mætt í tíma sem er t.d. kl. 8:20 á morgnana í stað þess að þurfa að koma sér uppí skóla eða tímar sem eru búnir rétt fyrir 4 að geta farið beint að sækja í leikskóla!

Í 16 svörum er gott skipulag nefnt sem kostur við besta námskeiðið, flestir skýra það ekki nánar, en hér er dæmi:

Það sem var gott við þetta námskeið var að við fengum glærurnar viku fram í tímann með nokkrum myndböndum þar sem var farið í mikilvægustu og flóknustu hlutina. Svo var einu

sinni í viku umræðutími þar sem við vorum að vinna í verkefni og fá hjálp við það. Þetta veitti gott frelsi til að læra þegar hentaði og fara á sínum hraða yfir efnið

Í 12 svörum var það nefnt til marks um gott námskeið að stúdentar fengu tækifæri til að mæta í skólann þegar það var mögulegt vegna sóttvarna. Fram kom að þegar kennarar buðu nemum að mæta var það valkostur að mæta á netinu í rauntíma. Einn lýsir því af hverju mikilvægt var að fá að mæta.

Mér finnst bara fjarkennsla ekki virka mjög vel fyrir mig sem er nemandi í verkfræði þar sem flestir áfangar snúast mestmegnis um útreikninga sem er frekar klaufalegt að fara yfir á netinu. Mér finnst ég hafa lært mest í þeim áföngum sem hafa verið kenndir í staðkennslu.

Fjórir lýsa ánægju með námsmat, þar af eru þrír ánægðir með símat í stað lokaprófs og einn er ánægður með heimapróf.

Einnig ákvað kennarinn strax í byrjun annar að staðfesta það að lokaprófið yrði heimapróf í gegnum myndavél svo hún tók strax í burtu stressið um að lenda í sóttkví eða einangrun þegar maður á að vera að mæta í lokapróf.


Fjórir nefna að áhugavert námsefni hafi gert námskeiðið það besta að þeirra mati.

Mat á versta námskeiðinu sem þátttakendur tóku




Mynd 42. Einkunn gefin ýmsum þáttum í því námskeiði sem nemendur voru óánægðastir með.

Meðaleinkunn fyrir þau námskeið sem þátttakendum þóttu síst má sjá á mynd 44. Einkunnir fyrir ólíka þætti voru á bilinu 6 til 6,7, lægst fyrir skipulag og hæst fyrir notkun á stafrænni tækni. Oftast voru það námskeið á VON og HVS sem fengu lægstu meðaleinkunn en hæstu einkunnir voru á HUG og MVS.



Mynd 43. Kennslufyrirkomulag í námskeiðum sem þátttakendur voru óánægðastir með.

Á mynd 45 sést hvaða kennslufyrirkomulag var notað í þeim námskeiðum sem þátttakendur voru óánægðastir með. Þegar þessi mynd er borin saman við sambærilega mynd um bestu námskeiðin sést að allt það sem talið er upp er notað minna, en algengara er að kennslustundir hafi farið fram á staðnum. Það var gert í 16% námskeiða sem nemendur voru óánægðastir með en 9% þeirra sem þeir voru ánægðastir með. Það virðist einfaldlega hafa verið minna í boði fyrir stúdenta.



Mynd 44. Fastar kennslustundir í stundatöflu í námskeiðinu sem þótti verst.

Fastar kennslustundir í stundatöflu voru í boði í 69% námskeiða sem þátttakendur voru óánægðastir með en voru í boði í 80% þeirra námskeiða sem þátttakendur voru ánægðastir með.

Félagsvísindasvið

Rúmlega 160 stúdentar af FÉL svöruðu opinni spurningu um mat á versta námskeiðinu sem þeir tóku, af þeim voru rúmlega 20 skráðir fjarnemar. Svör fjarnema skáru sig ekki úr öðrum svörum. Flestar athugasemdir, alls 65, snerust um kvartanir yfir lélegri kennslu og sambandsleysi við kennara. Fram kom að kennarar hefðu komið óundirbúnir til kennslu með gamlar glærur og glærur sem þeir virtust hafa fengið tilbúna á ensku. Fram kom að stundum hefði kennsla verið afar takmörkuð og margir tímar hefðu fallið niður.

Kennararnir höfðu engan metnað við kennslu námskeiðsins. Fyrirlestrar voru með glærum sem voru copy-pasteaðar úr bókinni. Ekki var komið til móts við nemendur á þessum erfiðu tímum. Tímar voru ekki teknir upp og settir á netsvæði. Engin endurgjöf var í boði – einungis einkunnir.

Fengum enga kennslu frá kennara. Bara upptökur, margar hverjar sem voru greinilega teknar upp mörgum mánuðum fyrir upphaf annarinnar. Það var ekki haldinn einn einasti tími eftir stundatöflu og ég hef í raun ekki hugmynd um hver það var sem var að kenna þennan áfanga eða hver það var sem talaði á upptökunum í flestum tilvikum. Þetta var ópersónulegasti áfangi sem ég hef á ævi minni tekið.

Kvartað var yfir löngum einstefnufyrirlesturum, að kennarar útskýrðu ekki námsefnið, leituðu ekki eftir spurningum nemenda og hefðu þurft að hvetja meira til umræðna um námsefnið.

Kennslan fór fram í löngum fyrirlestrartímum með fáum pásam og mjög erfitt að halda einbeitingu (voru oftast 3-3,5 klst. fyrirlestrar) og svo var ekki reiknað með dæmatímum þó að það væru sett fyrir mjög erfið verkefni og próf sem okkur var ekki kennt hvernig ætti að leysa, það var ekki fyrir en í lok annarinnar sem kennarinn reyndi að sýna hvernig ætti að reikna dæmi en það var gert seint og ekki með fullnægjandi hætti.

Næstflestar athugasemdir snerust um slæmt skipulag, en um 30 stúdentar kvörtuðu yfir því. Kvartað var yfir illa útfærðri kennsluáætlun, ruglingslegri uppsetningu á Canvas og að erfitt hefði verið að finna námsefni. Ein segir: „Alltaf verið að fara á milli fjar- og staðnáms. Betra að halda sig bara við eitt.“

Um 25 athugasemdir voru varðandi upptökur og þá var oftast kvartað yfir því að kennarar hefðu ekki gert upptökur og var bæði nefnt að ekki hefðu verið gerðar upptökur fyrir fram og að beina kennslu á netinu hefði þurft að taka upp. Kvartað var yfir því að upptökur hefðu verið of langar og að þær hefðu verið aðgengilegar í of stuttan tíma á netinu.

Flókið efni sem var ekki tekið upp og ekki hægt að nálgast tíma ef maður komst ekki vegna veikra barna eða lokunar leikskólans – verið að gera manni erfiðara fyrir að reyna að gera sitt besta! Algjörlega óþolandi að ekki sé komið til móts við mann í þessu ástandi og skipulag áfangans heilt yfir bara hræðilegt!

Í 17 svörum voru gerðar athugasemdir við námsmat og próf og þar kom m.a. fram að stúdentum þætti úrelt aðferð við námsmat að hafa allt að 100% lokapróf en einnig var kvartað yfir hópverkefnum og allt of mörgum verkefnum.

Alltof mikið af hópverkefnum í námskeiðinu sem erfitt var að samræma við Covid takmarkanir. Of mikið af verkefnum yfir önnina og því var álagið alltof mikið í námskeiðinu.

Námsmatinu ekki breytt í samræmi við aðstæður í landinu né með ólíka persónulega hagi og erfiðleika í huga.

Tíu athugasemdir snerust um að hópvinna hefði verið erfið við þessar aðstæður og að erfitt hefði verið að virkja samræður. Sjö svör snerust um kennslu í streymi á netinu og fram kom að erfitt hefði verið að fylgjast með þegar tímar voru of langir og að skipulagi hefði stundum verið ábótavant. Fram kom óánægja með skyldumætingu og að ósanngjarnt hefði verið að hafa mætingarskyldu í svona aðstæðum. Þessi krafa var sérstaklega erfið fyrir þá sem höfðu skráð sig í fjarnám af því að þeir gátu ekki mætt á hefðbundnum skólatíma. Loks nefndu nokkrir að ósamræmi á milli kennara hefði verið bagalegt.

Nokkrir mismunandi kennarar sem virtust allir hafa sína leið/sitt skipulag við kennslu sem gerði það að verkum að maður þurfti sífellt að vera að „skipta um gír“.

Heilbrigðisvísindasvið

Á HVS svöruðu 93 stúdentar opinni spurningu um versta námskeiðið á vormisseri 2021 og voru nánast allir staðnemar. Flest svörin, tæp 30, snerust um kennsluna sem hefði ekki verið nógu góð og samskipti við kennara ófullnægjandi.

Samskipti voru lítil sem engin, aðeins fyrir fram-tekin myndbönd þar sem talað var um glærur.

Kvartað var yfir að kennarar hefðu verið lítt skilningsríkir miðað við það erfiða ástand sem ríkti vegna faraldursins „tölvupóstum illa svarað og ekkert reynt að komast á móts við nemendur“. Gerðar voru athugasemdir við sein skil á námsmati á verkefnum og lélegt skipulag, t.d. þegar „kennarinn náði ekki að fara yfir allt efnið í kennslustundum og þurfti því að hlaða upp lengri fyrirlestrum eftir tímana“. Ósamræmi milli kennara er líka umkvörtunarefni „Alltof margir kennarar (9 í heildina) og ekkert samband eða samræmi þeirra á milli.“

Fimm kennarar og ekkert samræmi á milli þeirra þegar kom að kennslu aðferð, kom fyrir að við fengum ekki að vita af tíma fyrr en 5 mín fyrir tímann. Fengum líka ekki að vita fyrir fram hvort það væri upptaka, streymi eða staðtími fyrr en 15 mín fyrir tímann.

25 stúdentar gerðu athugasemdir um námsmat og próf og mörgum fannst 100% lokapróf vera ósanngjörn aðferð við námsmat og margir nefndu líka að það að hafa staðpróf við þessar aðstæður hefði verið „ótrúlega ósanngjarnt“ þegar öll kennslan fór fram á netinu.

100% lokapróf sem er staðpróf, ótrúlega streituvaldandi að allt námskeiðið velti á einum degi og einnig að þurfa að hafa áhyggjur af því að veikjast eða lenda í sóttkví og missa í kjölfarið af prófinu og þurfa þá að taka það í júní þegar maður á að vera byrjaður í rúmlega fullri vinnu.

23 gerðu athugasemdir um óskipulag og stöðugar breytingar sem ollu ruglingi, upplýsingar hefðu verið litlar og óljósar og erfitt að ná í kennara.

Ég hef ekki tölu á því hvað kennsluáætlunin var uppfærð oft og það var ómögulegt að skipuleggja sig. Kennararnir hringluðu líka stöðugt með að láta okkur mæta eða vera heima eftir takmörkunum. Þetta skapaði rosalega óvissu og kvíða sem kom niður á lærdómnum. Mér fannst vera lítill sveigjanleiki og ég þurfti að skila vottorði frá lækni þegar ég var heima vegna veikinda. Það hlýtur að auka líkurnar á því að fólk mæti með einkenni þar sem kennararnir voru mjög harðir á skyldumætingu í suma tíma.

Skipulag námskeiðs fór í eitthvað rugl svo að í lok annar kom í ljós að það gleymdist að fara í gegnum 3 kafla af námsefni. Lausnin við því var að setja myndbönd inn á netið þar sem ekki voru nægilega margir tímar í stundatöflu til að komast í gegnum allt námsefnið.

Í rúmlega 20 svörum var fjallað um upptökur sem kennarar gerðu og kennslu í streymi. Kvartað var yfir kennara sem talaði í mynd en var ekki með glærur og nefnt að það hefði verið galli þegar nemendur fengu bara upptökur en ekki tækifæri til að spyrja kennara út í efnið. Nokkuð margir kvörtuðu yfir því að kennsla í streymi í rauntíma hefði ekki verið tekin upp en líka að „uppteknir Zoomtímar hafi verið allt of langir (2.5 tími) sem fór mest allur í tækni vandræði kennara“. Líka var nefnt að hljóðið hefði stundum verið slæmt og erfitt að fylgjast með upptökum. Nokkur svör snerust um að álagið hefði verið mikið og ekki tekið tillit til aðstæðna nemenda. Tveir gerðu athugasemdir við verklega tíma sem virtust hafa gengið illa.

Verklegu tímarnir voru gegnum Zoom, sem var ógeðslegt. Einnig var 40% fall í áfanganum en samt segir kennarinn að hún hafi komið námsefninu jafn vel frá sér.

Hugvísindasvið

Tæplega 60 stúdentar á HUG svöruðu opinni spurningu um versta námskeiðið, þar af sögðust 6 hafa verið skráðir í fjarnám og 10 í blöndu af stað- og fjarnámi. Ekki var hægt að greina mun á umkvörtunarefnum þeirra og staðnema. Flestir, um 20 stúdentar, gerðu athugasemdir við slæma kennslu og sambandsleysi við kennara sem hefðu ekki svarað pósti. Kvartað var yfir því að leiðbeiningar kennara hefðu verið mjög óljósar og lítil kennsla, „aðallega umræður við samnemendur um lesefni“, verkefnalýsingar óljósar og endurgjöf á verkefni ófullnægjandi. „Kennslan var gamaldags og úrelt, langir fyrirlestrar á netinu og engin verkefni eða sjálfstæð vinna með námsefnið.“ Nefnt var að stúdentar hefðu hætt að mæta í nettíma sem virkuðu illa.

Þó að kennari athugaði hvort fólk hefði einhverjar spurningar, var andrúmsloftið ekki þannig að manni fyndist maður geta spurt eða svör nægjanlega skýr til þess að maður viðurkenndi að hafa ekki skilið svar kennara.

Einnig er nefnt að „Kennarinn kunni ekki almennilega á fjarfundabúnað og var ekki að nýta sér hann almennilega.“

Í 14 svörum var kvartað yfir óskipulagi í námskeiðinu, kennsluáætlun hefði verið ónákvæm og ekki gott skipulag á upplýsingum um fyrirkomulag og námsefni á Canvas.

Það var misjafnt eftir vikum hvort að það var Zoom eða ekki, fengum oft að vita deginum áður hvernig næsti tími verður, Zoom eða fyrirlestur, stundum samdægurs.

Lengi óljóst hvort önnin yrði kennd í fjarkennslu eða stað. Var of lengi verið að reikna með staðnámi, hefði verið gott að reikna alfarið bara með fjarnámi.

Átta athugasemdir voru gerðar um upptökur, þar af fjórar sem snerust um að kennarinn hefði ekki viljað taka upp tímana, hvort sem var á netinu eða í skólabyggingu. Tveir kvarta yfir upptökum í rauntíma og hefðu heldur kosið að upptökur væru gerðar fyrir kennslustundina.

Upptökurnar af rauntímunum urðu mjög ruglingslegar þar sem mikið var um umræður og ekki mikill fókus í kennslunni.

Gæði vídeó upptöku frekar léleg enda á Teams svo það komu oft hljóðtruflanir. Betra að hafa fyrir fram upptöku til að hljóðið sé gott.

En það voru skiptar skoðanir um þetta.

Í byrjun var fyrirlestur í formi upptöku og svo vikulegir Teams umræðufundir - nemendur kvörtuðu og kennari breytti því í fyrirlestra í rauntíma með umræðum - sem var betra.

Einn hefur efasemdir um hvort upptökur úr tímum standist persónuverndarlög.

I find it problematic that the course, including us students, are filmed and recorded every week without consent. And it is uploaded to the internet. I am not even sure it is legal.

Í sjö svörum var kvartað yfir námsmati, það væri gamaldags þar sem lokapróf giltu svo mikið, og að kennarar hefðu ekki tekið tillit til áhrifa Covid á nemendur. Tveir kvarta yfir að þurfa að mæta í staðpróf. „Er mjög kvíðin því að þurfa að mæta á staðinn í Covid.“ Fjórir gerðu athugasemdir um að álagið hefði verið allt of mikið, of mikið af verkefnum, of mikið lesefni og kennslustundir of langar. Þrír nefndu að hópvinna hefði verið erfið á tímum farsóttarinnar.

Menntavísindasvið

Um 100 svör bárust við opinni spurningu um versta námskeiðið á vormisseri 2021 frá stúdentum á MVS, þar af voru 50 frá staðnemum, 42 frá fjarnemum og átta frá stúdentum sem voru í námskeiðum ýmist í stað- eða fjarnámi. Þar sem hópur fjarnema á MVS hefur lengi verið jafnstór og staðnema voru þeir mjög margir komnir með reynslu af fjarnámi áður en faraldurinn varð til þess að flytja þurfti kennslu fyrir alla í fjarnám. Það er því áhugavert að vita hvort athugasemdir fjarnema voru aðrar en staðnema og því eru svör þeirra greind að hér á eftir.

Flestar athugasemdir staðnema á MVS, eða 16, snerust um að kennslu hefði verið ábótavant og jafnvel lítil eða engin kennsla „það var í raun engin kennsla eða ekkert að gerast í u.þ.b. mánuð“. Kvartað var yfir því að of margir nemar hefðu verið í námskeiðinu og „Erfitt að fá aðstoð ef einhverjar spurningar vöknudu.“ „Erfitt að fá svör frá kennurum og einkunnir komu seint inn.“ Slæmt skipulag var umkvörtunarefni í 10 svörum.

Virkilega lélegt skipulag og utanumhald á námskeiði. Margir kennarar sem virtust eiga að stjórna, en voru ekki sammála og ræddu næstu skref í kennslu fyrir framan okkur, stóran hóp af nemendum í nettíma. Óskýr og misvísandi skilaboð frá mörgum, hringl með dagsetningar á tímum og verkefnaskilum. Nemendur fengu ekki á tilfinninguna að það væri skýr tilgangur með námskeiðinu.

Í átta svörum er kvartað yfir námsmati sem sagt er hafa verið þyngra en venjulega, of mörg verkefni og að 100% lokapróf hafi verið mjög kvíðavaldandi. Í þremur svörum er minnst á að tæknivandræði kennara sem kunnu ekki nóg á tæknina hafi verið trúlandi.

Tveir kvarta yfir því að kennarar hafi ekki gert upptökur af fyrirlestrum, einn segir að fyrirlestrar sem gerðar voru upptökur af hafi verið lélegir og að þeir hafi verið of langir og það gert nemum erfitt fyrir að halda einbeitingu. Fimm svör snerust um kennslustundir í streymi og fram kom hjá einum að kennt hefði verið aðra hverja viku en annar segir að engar fastar kennslustundir hafi verið í stundatöflu. Einn segir kennslustundirnar hafa verið of langar en annar segir þær hafa verið of stuttar „ ... enginn tími til þess að vera með umræðu eða verkefnatíma þar sem nemendur gátu spurt um efnið eða verkefni“.

Flest svör fjarnema, eða 10, snerust um slæmt skipulag og lélegt upplýsingaflæði og í jafnmörgum svörum var kvartað yfir kennslu, óvirkni kennara og að þeir hefðu svarað fyrirspurnum nemenda seint og stundum alls ekki. Nefnt er að kennsla í streymi hefði þurft að vera betur skipulögð, að tímarnir hafi verið of langir og tækniörðugleikar kennara hafi verið trúlandi. Þrír stúdentar kvörtuðu yfir því

að hafa ekki fengið upptökur af fyrirlestrum og einn yfir því að upptökur hefðu verið „hræðilega illa gerðar“. Nokkrir gerðu athugasemdir um námsmat, þar á meðal um staðpróf.

Sú ákvörðun að hafa staðarpróf þrátt fyrir mótmæli nemenda. Óábyrgt að hafa staðarpróf þegar smit utan sóttkvíar eru enn í þjóðfélaginu. Þý utan höfuðborgarsvæðisins og ekki gott að smala saman nemendum alls staðar af landinu til að þreyta staðarpróf í Reykjavík - efni námskeiðsins býður alveg upp á heimapróf

Nokkrir gera athugasemd við það að krafa hafi verið gerð um að fjarnemar mættu á netfundi sem hafi verið of langir eða „krafa um mætingu í útikennslu í samkomubanni“. Einn kvartar yfir því að fjarnemum hafi ekki verið sinnt.

Lítið tillit tekið til fjarnema, engir fyrirlestrar eða upptökur af tímum settir á Canvas og lítil sem enginn kennsla í námsefninu. Fjarnemar áttu að vinna verkefni án kennslu og án leiðbeininga.

Þegar svör staðnema og fjarnema eru borin saman sést að umkvörtunarefni eru mjög sambærileg og ekki hægt að sjá að svör fjarnema skeri sig úr.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið

86 stúdentar á VON svöruðu opinni spurningu um versta námskeiðið og nánast allir voru skráðir í staðnám. Langflestir, eða um 50 stúdentar, gerðu athugasemdir við lélega kennslu og lítið eða ekkert samband við kennarana. „Höfum varla heyrt frá kennurunum og ekkert eftirlit með þeim frá stjórnendum.“ Kvartað var yfir því að kennarar væru illa undirbúnir og kennslan óskipuleg og að nemar fengju ekki útskýringar og aðstoð. Í nokkrum svörum kom fram að engin kennsla hefði verið í boði á netfundum eða hún verið ófullnægjandi. Einstefnumiðlun kennara var gagnrýnd og „langir fyrirlestrar sem þó eru innihaldslitlir og erfitt að fylgjast með“.

Kennarinn gaf okkur ekki mikinn tíma til að spyrja eða skilja efnið og las bara endalaust af glærum. Verð að segja að það mætti alveg fara að reyna að breyta kennsluháttum hjá sumum kennurum. Held ég geti talað fyrir marga að það er rosalega erfitt að fylgjast með glærum þar sem kennarinn talar bara útfrá texta og við fáum ekkert að taka virkan þátt.

Nokkuð var um að stúdentar kvörtuðu yfir því að kennarar hefðu ekki gert upptökur af fyrirlestrum eða kennslu í streymi en einnig var kvartað yfir göllum í upptökum og að upptökur sem gerðar voru fyrir fram hefðu verið „boring and very uninspiring“.

Kennari kunnir ekki vel á Zoom og netið hjá honum var soldið slæmt/ það var erfitt að horfa á fyrirlestra. Væri betra að taka þá upp fyrirfram og svo hafa fundi þar sem hægt er að tala við kennarann.

Í 10 svörum var kvartað yfir námsmati. Stúdentum fannst þeir ekki hafa fengið nógu skýrar upplýsingar um hvernig námsmatið ætti að vera, vægi verkefna og prófa hefði verið óljóst.

Mér fannst mjög erfitt að skrifa skýrslur og svoleiðis þegar ég hefði ekki hugmynd um vægi þeirra þegar kom að lokaeinkunninni í námskeiðinu.

Er að fara í lokapróf eftir viku og ég veit ekki enn hvað er ætlast af mér. Held að kennari veit ekki einu sinni hvernig prófið á að vera

Kvartað var yfir að svonefndir stoðtímakennarar virtust hafa fengið fyrirmæli frá umsjónarkennara um að „segja ekki of mikið“. Einnig er nefnt að verkefni hafi verið of mörg og of þung.

Bara fáránlegar kröfur til nemenda og sérstaklega þá í Covid og fjarkennslu.


Glatað að læra þetta á netinu og ætlast til of mikils.

Um 10 stúdentar gerðu athugasemdir við slæmt skipulag.

Illu skipulagt, aldrei viss hvort það væri tími eða ekki og þegar það var tími í skólanum var kennarinn ekki með grímu sem var ekki traustvekjandi sem og þegar tímar voru á netinu voru þeir aldrei teknir upp.


Tveir nefna að erfitt hafi verið að vinna verkefni í hópvinnu meðan samkomutakmarkanir voru í gildi og tveir nefna að þar sem verklegir tímar hafi fallið niður hafi námskeiðið eiginlega farið út um þúfur.

Almennt um námið




Mynd 45. Hversu sáttir þátttakendur eru almennt við þær stafrænu lausnir sem voru notaðar.

Um fjórðungur þátttakenda var mjög sáttur við þær stafrænu lausnir sem notaðar voru í kennslu og ríflega helmingur var frekar ánægður. Mest var ánægjan á MVS, þar sem 36% voru mjög ánægð og 52% frekar ánægð.




Mynd 46. Námskeið færð úr fjarnámi í staðnám þegar það mátti.

Þeir þátttakendur sem ekki höfðu ætlað að vera í fjarnámi voru spurðir hvort þau námskeið sem þeir voru í hefðu verið færð í staðnám eftir að samkomutakmörkunum lauk. 7% þátttakenda sögðu það hafa verið gert með öll námskeið og 44% með sum námskeið. Minnst var um að námskeið væru færð í staðnám á MVS en mest um það á HVS og HUG.




Mynd 47. Ánægja með að námskeið hafi verið flutt í staðnám.

Í framhaldinu voru þeir þátttakendur þar sem námskeið höfðu verið flutt í staðnám spurðir hversu ánægðir þeir væru með þá ráðstöfun. Um 57% voru mjög eða frekar ánægð með þá ráðstöfun en 21% frekar eða mjög óánægð. Mest var ánægjan með þennan flutning á MVS en minnst á FÉL.




Mynd 48. Ánægja með að námskeið var ekki fært í staðnám.

Þar sem námskeið voru ekki færð í staðnám þegar samkomutakmörkunum lauk voru þátttakendur spurðir hvernig þeim hefði þótt sú ráðstöfun. Heldur færri voru ánægðir með þá ráðstöfun en flutning í staðnám og voru 27% mjög ánægð og 14% frekar ánægð en 30% frekar eða mjög óánægð. Lítil munur er á svörum eftir sviðum og á bilinu 30–40% eru hvorki ánægð né óánægð með þessa ráðstöfun.




Mynd 49. Allur tími sem notaður er í námið heima og í skólanum á viku.

Um þriðjungur þátttakenda notaði minna en 20 klst. á viku í námið. Á MVS notuðu 40% stúdenta 20 klst. eða minna og 39% stúdenta á HUG. Stúdentar á VON notuðu mestan tíma í námið en þar sagðist þriðjungur stúdenta nota meira en 40 klst. í námið og 27% stúdenta sögðust nota 31–40 klst.




Mynd 50. Ánægja með námið í heild sinni.

22% þátttakenda voru mjög ánægð með námið almennt. Á MVS var þetta hlutfall hæst, 33%, en lægst á HVS, 10%. Þeir sem voru frekar óánægðir, óánægðir eða mjög óánægðir voru 12% í heild og var það hlutfall hæst á VON, 19%, en lægst á MVS, 5%.




Mynd 51. Ánægja með kennslu.

Meira en helmingur þátttakenda eða, 57%, var mjög ánægður eða ánægður með kennsluna sem þeir fengu. Ánægja með kennslu var hlutfallslega mest á HUG, 70%, en minnst á HVS, 41%. Óánægja með kennslu var mest á VON og HVS, þar sem um fimmtingur var óánægður.




Mynd 52. Ánægja með samskipti við samnemendur.

Meira en helmingur þátttakenda var mjög ánægður eða ánægður með samskipti við samnemendur. Ánægjan var mest á MVS, 66%, en minnst á VON, 44%.




Mynd 53. Ánægja með samskipti við kennara.

Ánægja með samskipti við kennara var svipuð og með samskipti við samnemendur. 52% eru mjög ánægð eða ánægð. Ánægja var mest á MVS, 66%, en minnst á HVS, 40%.




Mynd 54. Ánægja með upplýsingar um námið.

Ríflega helmingur, eða 53%, var mjög ánægður eða ánægður með upplýsingar um námið. Minnst var ánægjan á HVS, 40%, en mest á MVS, 52%.



Mynd 55. Ánægja með námsmat.


Rétt innan við helmingur þátttakenda var mjög ánægður eða ánægður með námsmatið í HÍ. Minnst var ánægjan á HVS, þar sem 33% voru mjög ánægð eða ánægð, en mesta ánægjan var 61%, á MVS.



Mynd 56. Hversu vel eða illa skólinn hafi almennt brugðist við breyttum aðstæðum vegna COVID-19.

Þátttakendur voru spurðir hvernig þeim þætti HÍ hafa brugðist almennt við COVID-19. Meirihluti, eða 69%, sagði skólann hafa brugðist mjög vel eða frekar vel við. Minnst var ánægja með viðbrögð á HVS, þar sem 51% sagði að mjög eða frekar vel hefði verið brugðist við, en mest var ánægjan á HUG, þar sem 82% sögðu skólann hafa brugðist mjög eða frekar vel við.

Fjarkennsla




Mynd 57. Kostir fjarkennslu (merkja mátti við fleiri en eitt atriði).

Á mynd 57 má sjá hvaða þætti þátttakendur töldu vera helstu kosti fjarkennslu. Í heild voru upptökur oftast valdar sem kostur (61%) en síðan að hægt væri að stunda námið heima (49%) og heimapróf þóttu vera kostur hjá 45% þátttakenda. Þátttakendur af MVS voru líklegri en aðrir til að merkja við þá

kosti að hægt væri að stunda námið heima, það hentaði vel með vinnu og fjarfundir væru kostur. Þátttakendur af FÉL merktu oftast við heimapróf sem kost en þátttakendur af öðrum sviðum.

Rúmlega 20 stúdentar af FÉL og tæplega 15 af hverju hinna sviðanna svöruðu opinni spurningu um kosti fjarkennslu. Flest svör stúdenta á öllum sviðum snerust um að það hefði verið sparnaður í keyrslu, tíma og peningum að þurfa ekki að mæta í skólann og annar eins fjöldi nefndi að aukinn sveigjanleiki hefði verið kostur. Einnig kom fram að kostur hefði verið að hafa aðgengi að upptökum og hafa frelsi til að skipuleggja tímann sjálf. Sumir nefndu að kostur fjarnáms væri aðgengi allra að námi óháð aðstæðum. Á MVS var helmingur svarenda (alls 13) fjarnemar og helmingur staðnemar en ekki var munur á svörum þeirra. Flestir í báðum hópum nefndu sparnað vegna keyrslu en fjarkennsla í rauntíma var líka nefnd sem kostur.



Mynd 58. Gallar fjarkennslu (merkja mátti við fleiri en eitt atriði).

Þátttakendur voru einnig beðnir að merkja við atriði sem þeir teldu galla fjarkennslu. Einmanaleiki var þar efstur, en 59% þátttakenda merktu við þann þátt, og 58% merktu við minni samvinna stúdenta. Minni samvinna virtist helst vera galli að mati þátttakenda af VON og HVS. Þátttakendur af HVS voru einnig líklegri en aðrir til að kvarta yfir auknu álagi í námi og löngum fyrirlestrum.

Þátttakendum var boðið í opinni spurningu að lýsa göllum fjarkennslu. 50 stúdentar á FÉL svöruðu og þar af voru 13 sem höfðu verið í fjarnámi eða blöndu af stað- og fjarnámi þegar öll kennsla varð fjarkennsla vegna samkomutakmarkana. Rúmlega helmingur þeirra sagði að það væru engir gallar á fjarnámi en einn þeirra nefndi að krafa um að mæta í rauntíma sem gerð var eftir að kennsla staðnema var færð í fjarnám hefði verið galli. Af tæpum 40 svörum frá staðnemunum sögðu sex að engir gallar væru á fjarnámi. Í sex svörum var það talið galli að þurfa að vera heima og það að þurfa að skapa sér aðstöðu til að halda sínu striki við námið við þessar aðstæður hefði verið erfitt.

... öðruvísi álag við það að vinna heima, þurfa að búa til eigið vinnuumhverfi og halda sér við efnið á meðan maður reynir að halda geðheilsunni almennt í þessu ástandi.

Nokkrir nefndu að tæknikunnáttu kennara hefði verið ábótavant og þeir stundum verið neikvæðir í garð fjarkennslu, t.d. ekki viljað gera upptökur eða ekki haft þær aðgengilegar nema í stuttan tíma.

Óvanir kennarar sem eru ekki hlyntir fjarkennslu. Ég hef áður verið í fjarnámi og viðmót kennara í þeim skóla var mun betra varðandi námið sjálft.

Nokkrir nefndu að erfiðara hefði verið að finna hópfélaga og að vinna saman í hópverkefnum í fjarnáminu. Kvartað var yfir því að nemendur með sértæka námsörðugleika hefðu gleymst og „lítið hagrætt þeim í hag og mikið óskipulag og mismunandi kennsluhættir og nálganir hjá kennurum, samskiptaleysi við kennara“.

Rúmlega 20 þátttakendur af HVS svöruðu opnu spurningunni um galla við fjarnám og nánast allir höfðu verið í staðnámi þegar fjarnám var tekið upp vegna samkomubannsins. Flestar athugasemdir, eða sex, voru gerðar um það fyrirkomulag að hafa próf á staðnum þegar öll kennslan hafði verið í fjarnámi. Önnur svör voru dreifðari og snerust um að gallar fjarnáms væru samskiptaleysi og einn sagði: „Get ekki haldið einbeitingu ef ég er ekki á staðnum að taka virkan þátt.“ Og annar sagði: „Mikið meira andlegt álag vegna lítils fjölbreytileika í umhverfi.“ Einnig kemur fram að ósamræmi hafi verið á milli kennara og „lélegur upptökubúnaður í stofunum, heyrist illa þegar kennarinn er með fyrirlestur í stofu sem er streymt á Zoom“.

Tæplega 20 stúdentar af HUG svöruðu opnu spurningunni um galla fjarnáms; langflestir höfðu ætlað að vera í staðnámi. Nefnt var að það hefði verið erfiðara að halda einbeitingu í nettímum heima hjá sér og tveir nefndu að nettímar hefðu verið of langir og það hefði reynt á bæði líkamlega og andlega. Einnig er gerð athugasemd við „að kalla eftir mætingu nemenda í kennslustundir á Zoom eftir stundatöflu, eitthvað sem aldrei hefði verið hægt í staðnámi“.

Um 40 stúdentar af MVS útskýrðu galla fjarnáms, þar af voru 25 fjarnemar en 15 sem höfðu verið staðnemar þangað til öll kennsla var flutt í fjarnám. 10 af 25 svörum fjarnema sögðu engan galla hafa verið á fjarnáminu. Í flestum athugasemdum um galla, eða fimm, var nefnt að hópvinna og samskipti við samnema hefðu verið erfiðari á tímum Covid.

Hópavinna í heimsfaraldri er mikill álagsvaldur, þar sem aðstæður eru erfiðar og breytilegar. Það er álag að sinna námi á þessum erfiðu tímum og þurfa þar að auki að skuldbinda sig við hópfélaga eykur álag svo um munar. Einnig verð ég að bæta við að það er fullt af fólki sem kemst áfram í þessu námi á erfiði annarra. Fólki sem á að mínu mati ekkert erindi í kennarastarf.

Ábendingar komu fram um að það hefði komið sér illa að gera mætingu oft í viku að skyldu þegar staðlotur féllu niður og það hefði verið galli á fjarnámsfyrirkomulaginu í samkomubanninu.


Það verður að koma til móts við nemendur sem eru að sinna sínu námi eftir fremsta megni en hafa ekki mikla möguleika til að sinna skyldumætingu. Það er fremur illa gert að setja fram að fólk sem vinnur fulla vinnu hafi engan rétt né möguleika til að vinna upp með öðru móti það sem ætlast er til af þeim.

Flestir þeirra staðnema (15) sem svöruðu til um galla fjarnámsins nefndu skort á tengslum við bæði skólafélaga og kennara en nefndu líka ósamræmi í framkvæmd fjarkennslu og að námið hefði verið einhæft og aðstaðan heima ekki góð.

Einsleitt, skortur á fjölbreytni. Tregða kennara til að aðlaga að fjarnámi og allskonar óþarfa vesen. Ónæði og engin námsaðstaða heima!


Rúmlega 20 stúdentar af VON gerðu athugasemdir um galla fjarnámsins. Um helmingur svarenda nefndi að erfiðara hefði verið að halda einbeitingu heima við þessar aðstæður og að námsumhverfið hefði verið einhæft „Vantar allar vörður í námið, dagarnir voru allir eins.“ Kvartað er um að

fyrirkomulagið sé „rosalega mismunandi“ á milli námskeiða og tæknifærni kennara þar með talin. Og „Gífurlega leiðinlegt að fá ekki að kynnst samnemendum og kennurum.“



Mynd 59. Hversu líklegur nemandi er til að velja fjarnám eftir reynslu af slíku námi.

Um 24% þátttakenda sögðust miklu líklegri til þess að velja fjarnám eftir reynslu af slíku námi á tímum COVID-19. Þátttakendur á FÉL og MVS eru almennt jákvæðari gagnvart því að velja fjarnám eftir reynslu af slíku námi. Hæsta hlutfall þeirra sem voru miklu eða frekar líklegri til þess að velja fjarnám var 52%, á MVS, en lægsta hlutfallið var 28%, á HVS. Hæsta hlutfall þeirra sem töldu miklu ólíklegra að þeir veldu fjarnám var á VON, 28%, en lægsta hlutfallið var á MVS, 14%.



Mynd 60. Telur þú að kennsla fjarnema hafi verið betri eða verri í vetur en áður?

Þeir stúdentar sem höfðu reynslu af fjarnámi voru spurðir hvort þeir töldu að kennslan hefði verið betri eða verri en áður. Innan við 10 nemendur á VON og HVS höfðu slíka reynslu og eru niðurstöður

ekki birtar fyrir þau fræðasvið. Af öllum þeim sem svara telja 57% að kennslan hafi almennt verið betri, 30% telja hana miklu betri og 27% aðeins betri. Hæsta hlutfallið var á FÉL, þar sem 72% töldu kennsluna hafa verið almennt betri. Á MVS, þar sem hópurinn með reynslu af fjarkennslu er stærstur, töldu 54% að kennsla hefði verið betri en 11% að hún hefði verið verri.

Þeir stúdentar sem höfðu reynslu af fjarnámi voru spurðir í opinni spurningu á hvern hátt kennsla fjarnema hefði breyst skólaárið 2020–2021. Það er mjög mismunandi eftir sviðum hvort fjarnám er í boði en á MVS hefur lengi verið hægt að taka flestar námsleiðir í fjarnámi og flest svör við þessari spurningu bárust frá stúdentum á því sviði, alls 33 svör, næstflest frá FÉL, 13 svör, en samtals 10 stúdentar af HVS, HUG og VON svöruðu þessari spurningu.

Stúdentar á FÉL nefndu þá breytingu að allir fyrirlestrar hefðu verið teknir upp og að „allt varðandi tæknilegt umhverfi í HÍ batnaði stórlega með Covid“. Nefnd var betri tenging við samnemendur þegar fjarnemar gátu mætt í tíma á netinu og tekið þátt í umræðum. Nefnt var að kennurum hefði farið fram í fjarkennslu og tæknin væri farin að virka. Einnig fannst stúdentum jákvætt að opnast hefði tækifæri fyrir fjarnema til að taka þátt í námskeiðum óháð búsetu og stöðu á vinnumarkaði og að meiri skilningur hefði verið á því að aðstæður fólks væru mismunandi. Allar athugasemdir stúdenta á FÉL eru jákvæðar nema ein, þar sem segir að lítil sem engin þekking hafi verið meðal flestra kennara á tækninni og að þeir noti „enn úreltar kennsluaðferðir sem henta einfaldlega ekki í fjarkennslu og tekið lítið tillit til heimilisaðstæðna nemenda sem ekki geta verið í mynd“.

Á MVS er venja að fjarnemar þurfi að mæta á staðinn tvisvar á hverju misseri í viku í senn í svonefndar staðlotur sem venjulega eru í upphafi og um miðbik misseris. Vegna sóttvarnareglna voru skipulagðir fjarfundir í stað staðlotna. Þetta þótti mörgum betra fyrirkomulag þar sem minna álag var við að fá frí úr vinnu til að mæta í staðlotur.

Það var frábært að þurfa ekki að taka sér frí í vinnunni heilan dag til að keyra á milli landshluta til að mæta í skólann. Núna var hægt að taka smá pásu eða fara í skólann á milli verkefna. Allir kennarar voru undirbúnir fyrir þessa kennslu og gáfu svigrúm fyrir sjálfstæðara nám. Frábær framför fyrir þesskonar kennslu sem þetta er mögulegt í.

Nefnt var að kennarar hefðu hætt að mikla fyrir sér að nýta fjarfundi, sem lítið sem ekkert hefðu verið notaðir áður. „Allt sem áður þurfti að keyra til Reykjavíkur var hægt að gera með fjarfundabúnaði.“

Margir fjarnemar tóku fram að fjarkennsla hefði batnað mikið í samkomubanninu og nefndu margt til vitnis um það, svo sem að kennarar hefðu verið betri í að nýta sér tæknina og tæknin sjálf líka verið betri. Nefnt var betra skipulag, betra ut anumhald, fleiri fyrirlestrar hefðu verið teknir upp, fyrirlestrar hefðu verið betri, svo og umræður, og jákvæðara viðmót kennara.

Ótrúlega þakklát fyrir breytta kennsluhætti, vonandi heldur þetta svona áfram. En ég væri samt alveg til í að hittast í staðlotum.

Þar sem staðnemar þurftu við þessar aðstæður að fá fjarkennslu í stað vikulegra kennslustunda höfðu fjarnemar stundum líka tækifæri til að taka þátt í vikulegum kennslustundum á netinu og umræðutímar í rauntíma á Zoom voru í boði fyrir fjarnema líka. Fjarnemar nefndu að þetta hefði haft áhrif á kennsluna, t.d. að kennarar hefðu verið þolinmóðari, sýnt meiri skilning.

Kennarar eru meðvitaðri um nemendur og taka meira tillit. Áður þekktu kennarar fjarnema lítið en eftir að tímar færðust á netið hefur staða nemenda jafnast, kennarar virðast hafa betri yfirsýn yfir hópinn þegar allir eru á skjánum. Kennslan er samt aðeins öðruvísi, minni tenging að sumu leyti en skipting í umræðuhópa (breakout rooms) í fjartímum hefur orðið til þess að

nemendur spjalla líklega við fleiri samnemendur, það hefur samt verið erfitt að mynda tengsl við nýtt fólk þegar við hittumst sjaldan og stutt.

Einnig kom þó fram óánægja meðal fjarnema sem ekki höfðu tök á að nýta sér það að mæta á vikulega fjarfundi, en margir fjarnemar velja það námsform vegna þess að þeir eru í dagvinnu sem gerir þeim ekki kleift að mæta í skóla á daginn. „Meiri mæting á Zoom sem gekk illa út af vinnu. Ómögulegt að vera í fjarnámi og mæta í tíma einu sinni í viku í hvert fag.“ Fjarnemar lýstu því svo að fyrirkomulag fjarnáms hefði „breyst frá því að vera fjarnám, sem hægt er að aðlaga daglegu lífi yfir í fjarnám sem bundið er ákveðnum tímum“. Þessar breytingar komu sér illa fyrir þá fjarnema sem voru bundnir í vinnu þó að sumu leyti hefði þetta fyrirkomulag verið til bóta.


Fjarnám breyttist í staðnám að því leyttinu til að fjarnemar þurftu allt í einu að mæta miklu meira í fjarfundartíma en áður. Það hefur verið mun meiri mæting hjá fjarnemum þetta skólaárið heldur en þegar staðlotur voru og er ég mjög óánægð með það.

Þetta hentar mér alls ekki og ég vil frekar geta sinnt náminu þegar mér hentar og mætt til vinnu á vinnutíma eins og áður og þannig hefur fjarnám verið auglýst og er enn auglýst inni á heimasíðu HÍ og því finnst mér þetta vera mikil svik af hálfu Menntavísindasviðs, það er ekki verið að hugsa um hag nemendanna og sveitarfélaganna og ekki einu sinni hlustað á þegar er kvartað undan þessu nýja fyrirkomulagi.

Að öðru leyti hefur verið jákvætt að geta mætt í gegnum tölvu þegar maður býr utan höfuðborgarsvæðisins en samt sem áður er þetta of mikil viðvera í skólann miðað við fjarnám.


Fjarnemum finnst að „þessar breytingar hefði þurft að kynna betur, því nú er í rauninni ekki boðið upp á sama fjarnám og þegar ég hóf nám 2017“.

Sumarstörf og sumarnám




Mynd 61. Svör þátttakenda um sumarvinnu.

Um helmingur þátttakenda var kominn með fullt starf fyrir sumarið og 9% voru ákveðin í að vinna ekki um sumarið. Um fjórðungur þátttakenda var í atvinnuleit þegar spurt var. Hlutfallslega flestir voru í atvinnuleit á HVS, eða 32%, en fæstir, 10%, á HUG.



Mynd 62. Áhyggjur af því að mæta útgjöldum um sumarið.

Um 14% þátttakenda sögðust hafa mjög miklar áhyggjur af því að mæta útgjöldum um sumarið. Svipaður hópur hafði frekar miklar áhyggjur af þessu en ríflega helmingur hafði frekar eða mjög litlar áhyggjur af því að mæta útgjöldum. Minnstar áhyggjur höfðu þátttakendur á HVS en mestar á HUG.



Mynd 63. Áform um að taka sumarnámskeið.

Rúmlega fimmtungur þátttakenda ætlaði sér að taka sumarnámskeið. Hlutfallið var hæst, 32%, á FÉL en lægst á VON, 12%. Um fjórðungur nema hafði ekki ákveðið hvort þeir ætluðu að sækja sumarnámskeið.